



**Háskólinn  
á Akureyri**

Háskólinn á Akureyri

Félagsvísinda- og lagadeild

Nútímafræði

2008

# Íslenskur landbúnaður: Aðstæður og framtíðarhorfur

Anna Sigríður Halldórsdóttir

Lokaverkefni til 90 eininga B.A.-prófs í Félagsvísinda- og lagadeild

Leiðbeinandi: Jón Haukur Ingimundarson

## Yfirlýsing

Ég lýsi hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og það er ágóði eigin rannsókna

---

Anna Sigríður Halldórsdóttir

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.A.-prófs í félagsvísinda- og lagadeild

---

Jón Haukur Ingimundarson

## Ágrip

Landbúnaður hefur alla tíð verið stór hluti af sögu og menningu íslenskrar þjóðar. Viðfangsefni verkefnisins var íslenskur landbúnaður, aðstæður og framtíðarhorfur og er því ætlað að gefa innsýn í nútíma landbúnað. Einnig að sýna fram á mikilvægi landbúnaðar fyrir þjóðfélagið, framtíðarhorfur og áhrif loftslagsbreytinga. Framkvæmd var tvíþætt rannsókn bæði á fáeinum hugmyndum fræðimanna og svo ítarleg viðtalsrannsókn. Markmiðið með viðtalsrannsókninni var að fá víðtæka þekkingu og hugmyndir á viðfangsefninu. Rætt var við bændur og aðra sem koma að rannsóknum, störfum og stjórnsýslu í landbúnaði og menntun. Annar kafli verkefnisins er fræðilegur og nær yfir umfang, afköst og búskaparhætti. Einnig um sérstöðu og stuðning við landbúnaðinn, menntun og veðurfarslega framtíðarspá. Þriðji kafli er um framkvæmd viðtalsrannsóknarinnar og kynningu á viðmælendum. Í fjórða kafla koma fram niðurstöður viðtalsrannsóknarinnar sem þá hafa verið greind niður í þemu. Fimmti kafli er svo umræða og lokaorð. Viðtalsrannsóknin sýndi að dálítið er á brattan að sækja í landbúnaði í dag. Þar ræður ótryggt efnahagsumhverfi mestu. Mestar áhyggjur eru varðandi fyrirhugaðar breytingar á matvælalöggjöfnni og innflutning á landbúnaðarafurðum. Mikilvægi landbúnaðar felst í sjálfstæði og framleiðslu matvæla og nánnum tengslum við náttúruna. Landbúnaður einkennist af mikilli aðlögunarhæfni og bjartsýni. Loftslagsbreytingar munu leiða til aukinna ræktunarmöguleika og kalskemmdir heyra sögunni til. Frístundabyggð og sala á bújörðum til auðmanna leiðir af sér hærra verð á landi. Mikilvægt er að ræktanlegt land verði ekki tekið til annarra nota og að því verði ekki spillt. Núverandi kvótakerfi í mjólkurframleiðslu er neikvætt fyrir nýliðun í greininni. Nýsköpun er nauðsynleg til að viðhalda vexti og viðgangi landbúnaðarins. Þekking og menntun eru leið í átt til nýsköpunar

## Abstract

Agriculture has played a significant role in Iceland's history and culture. This project focuses on Icelandic agriculture and its circumstances and future prospects, and provides insights into modern agriculture. Attempts are made to demonstrate the importance of agriculture to today's Icelandic society with a view toward the future and the impacts of climate change. The research is based on examining a few notions derived from publications by scientists and on the intensive interviews with informants. The goal of the interviews was to elicit extensive knowledge, ideas and conceptions on the subject matter. Those interviewed included farmers and individuals engaged in agricultural research, administration and education. The second chapter is theoretic and deals with the scope and productivity of agriculture. It also portrays the position and state support of Icelandic agriculture, and predictions concerning future climate. The third chapter describes how the interviews were conducted and introduces the interviewees. The fourth chapter includes interview results that are organized into themes. The fifth chapter consists of a final discussion by the author. The interview results suggest that agriculture is facing challenges most of which are due to circumstances of economic uncertainty. The most alarming concerns are against proposed changes in food-policy and legislation regarding the import of agricultural products. The main value of agriculture is food production which takes place in close contact with nature and which increases independence. Agriculture is characterized as endowed with adaptability and optimism. Climate change will increase cultivation opportunities and place the dread of winterkilled fields behind us. Recreational land development and sale of farmland to capital owners lead to increases in the price of land. It is important that arable land not be appropriated or damaged to the detriment of agriculture. Present quota system on dairy production works against rejuvenation in this sector. Innovations are necessary for maintaining agricultural growth and moving forward. Knowledge dissemination, research and education are means toward advancement.

## **Þakkarorð**

Ég vil þakka öllum sem gerðu mér kleyft að vinna þetta verkefni á einn eða annan hátt. Viðmælendur mínir voru Bjarni Bragason, Bjarni E. Guðleifsson, Ingvar Björnsson, Laufey Skúladóttir, Leifur Guðmundsson, Skúli Skúlason, Sigurgeir Bjarni Hreinsson og Steingrímur J. Sigfússon. Þau fá öll bestu þakkir, verkefni þetta hefði aldrei orðið eins án þeirra. Leiðbeinandi minn, Jón Haukur Ingimundarson, fær sérstakar þakkir fyrir ráðgjöf og hvatningu. Eiginmanni mínum, Reyni Karlssyni, þakka ég prófarkalestur og einstaka þolinmæði. Einnig fá börnin mín, Karl Halldór og Katrín, þakkir fyrir að tipla um á tánum í kringum móður sína síðustu vikur. Guðrún Þóra Björnsdóttir sem las verkefnið yfir, endanlega, fær þakkir fyrir fádæma fórnfýsi. Ég vil að lokum tileinka þetta verkefni móður minni, Herdísi Þorgrímsdóttur, einum tryggasta bónda sem ég þekki. Þau orð sem hún sagði mér og hafði eftir móður sinni eiga að mínu mati vel við hér, en þetta er hending úr kvæði eftir Jónas Hallgrímsson: *Bóndi er bústólpi, bú er landstólpi, því skal hann virður vel.*

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	2
2. Yfirlit um nútímalandbúnað á Íslandi og loftslagsbreytingar .....	3
2.1. Umfang og afköst .....	3
2.2. Búskaparhættir og bústofn .....	4
2.3. Sérstaða landbúnaðarins - Stuðningur og styrkir .....	7
2.4. Loftslagsbreytingar, áhrif og viðbrögð.....	9
2.5. Hitabreytingar og búsetuþróun.....	11
3. Framkvæmd rannsóknar og kynning á viðmælendum .....	13
3.1. Framkvæmd rannsóknar .....	13
3.2. Kynning á viðmælendum .....	14
4. Niðurstöður viðtalsrannsóknar .....	18
4.1 Landbúnaður í dag.....	18
4.2. Mikilvægi íslensks landbúnaðar.....	21
4.3. Sjálfsmynd, ímynd og kringumstæður .....	25
4.4. Framtíðarhorfur í landbúnaði .....	28
4.5. Áhrif loftslagsbreytinga: Tækifæri og vandamál í ljósi þeirra.....	30
4.6. Nýliðun, nýsköpun og þróun í íslenskum landbúnaði.....	32
4.7. Þróun landnýtingar, hvað er farsælt til framtíðar .....	38
5. Umræða og lokaorð.....	42
Heimildaskrá .....	45

## 1. Inngangur

Íslensk náttúra hefur mörgum verið hjartfólgin, ekki síst þeim sem eiga rætur sínar að rekja til sveita. Rannsakandi er einn af þeim einstaklingum sem telur sig eiga það að þakka að hafa alist upp í nánnum tengslum við náttúruna og íslenskan landbúnað. Þegar að því kom að velja viðfangsefni til lokaverkefnis í nútímafræði var þess vegna ákveðið að fjalla um landbúnaðinn. Einnig vegna nokkuð áberandi umræðu um landbúnað og loftslagsbreytingar í þjóðfélaginu. Að fá innsýn í umhverfi og aðstæður nútíma landbúnaðar varð markmið verkefnisins. Það lá svo beint við að titillinn væri *Íslenskur landbúnaður: Aðstæður og framtíðarhorfur*. Samkvæmt jarðalögum nær landbúnaður yfir „...hvers konar vörslu, verndun, nýtingu og ræktun búfjár, ferskvatnsdýra, lands og auðlinda þess til atvinnu- og verðmætasköpunar, matvælaframleiðslu og þjónustu er tengist slíkri starfsemi.“ (Alþingi, e.d.a, 30. apríl). Segja má að í viðtalsrannsókn sem framkvæmd var í tilefni verkefnisins hafi verið komið inn á flesta þætti þessarar skilgreiningar. Markmiðið með rannsókninni var að sýna fram á mikilvægi landbúnaðar fyrir þjóðfélagið, framtíðarhorfur og áhrif loftslagsbreytinga. Rannsóknin byggir fyrst og fremst á ítarlegum viðtölum við bændur og aðra sem koma að rannsóknum, störfum og stjórnsýslu í landbúnaði og menntun. Einnig var reynt að setja verkefnið í fræðilegt samhengi með því að rýna í sögulega þætti, sérstöðu atvinnugreinarinnar í nútímanum og veðurfarslega framtíðarspá.

Í öðrum kafla verður að einhverju leyti fjallað um umfang, afköst og búskaparhætti. Auk þess verður komið inn á sérstöðu landbúnaðar og stuðning við hann. Ennfremur um loftslagsbreytingar og á hvern hátt þær gætu leitt til breyttrar búsetu. Framkvæmd viðtalsrannsóknarinnar og kynning á viðmælendum verður svo viðfangsefni þriðja kafla. Niðurstöður viðtalsrannsóknarinnar koma svo fram í fjórða kafla og honum skipt upp í þemu á þá leið að fyrst verður fjallað um aðstæður og mikilvægi landbúnaðar. Því næst sjálfsmynd, ímynd og kringumstæður. Þar á eftir verður litið til framtíðar í ljósi loftslagsbreytinga. Loks verða skoðaðar í framtíðarspegli hugmyndir viðmælenda um nýliðun, nýsköpun og þróun landnýtingar. Að síðustu verður gerð tilraun til umræðu um niðurstöðurnar í lokaorðum.

## 2. Yfirlit um nútímalandbúnað á Íslandi og loftslagsbreytingar

### 2.1. Umfang og afköst

Í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands (Sigurður Jóhannesson og Sveinn Agnarsson, 2004, bls. 13) segir að Íslendingar hafi verið um 50 þúsund í lok 17. aldar og reyndist stærstur hluti þess fjölda bændur. Þar segir einnig að nálægt 200 árum síðar hafi sex af tíu landsmönnum haft atvinnu af landbúnaði og framleiðslan verið um 40% af heildarframleiðslu Íslendinga. Í upphafi 21. aldar er staðan allt önnur, þá töldust einungis um 3% Íslendinga vinna við landbúnað (Sigurður Jóhannesson og Sveinn Agnarsson, 2004, bls. 13). Fram kemur hjá Magnúsi S. Magnússyni (1993, bls. 136-137) að árið 1880 hafi langflestir eða um það bil 78% vinnufærir einstaklingar á Íslandi tengst landbúnaði sem á þeim tíma var talinn ein mikilvægasta atvinnugrein landsins. Þó fólki í sveitum hafi fækkað fremur hægt upp frá þessu, hafði orðið um 23% fækkun í starfsgreininni árið 1940. Fækkun varð helst á meðal vinnufólks því bændum og bújörðum virðist ekki hafa fækkað mikið. Eftir 1940 fækkaði vinnuafli enn frekar þó fækkun bænda og bújarða hafi ekki komið til fyrr en síðar. Þessi fólksfækkun birtist helst í að færri fólk taldist heimilisfast á bújörðum þó heimilunum fækkaði ekki. Að öllum líkindum hefur þetta haft það í för með sér að hefðbundin landbúnaðarstörf færðust á færri hendur. Þar sem framleiðsla landbúnaðarins dróst ekki saman í kjölfar þessa, þvert á móti jókst hún verulega. Eins og áður sagði var ekki um mikla fækkun að ræða fram yfir 1940 og fjöldi bænda haldist nokkuð stöðugur í ríflega 250 ár eða um 6.200-6.800 á tímabilinu. Árið 1963 var fjöldi þeirra hins vegar kominn í um 5.600 og fór fækkandi því 1970 var hann kominn í 4.700 og 3.400 árið 1983. Einhver fjölgun varð um 1990 því þá voru bændur orðnir 4.800. Hér hefur verið fjallað um fjöldapróun næst verða afköstin skoðuð (Magnús S. Magnússon, 1993, bls. 136-138).

Afköst í landbúnaði virðast mismunandi eftir tímabilum og samkvæmt Magnúsi S. Magnússyni (1993, bls. 146-7) mældust þau mikil frá 1920-30, 1935-62 og svo 1971-87. Lítil voru þau hins vegar á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar, við upphaf heimskreppunnar og á seinni hluta sjöunda áratugarins. Síðasttalda tímabilið einkenndist af miklum hafis-, kulda- og kalárum sbr. Bjarni E. Guðleifsson (10. apríl 2008b). Magnús (1993, bls. 146-8) segir að afkastaaukningin verði ekki skýrð út frá auknu vinnuafli vegna þess að á þessum tíma varð mikil fólksfækkun í sveitum vegna breytinga í þjóðfélaginu öllu. Aukin afköst voru að stærstum hluta vegna aukins álags á þá sem eftir stóðu. Sömuleiðis vegna innleiðingar nýrrar tækni (vélvæðingar), styrkja til landbúnaðarins og fleiri þátta. Á seinni árum er innleiðing nýrrar tækni líklega það sem hefur haft hvað mest áhrif á framleiðsluaukningu í landbúnaði

auk þeirrar vinnuhagræðingar sem hún hefur haft í för með sér. Segja má að samhliða aukinni sérhæfingu hafi almennt orðið minni þörf fyrir fólk í landbúnaði. Þannig verður sífellt færra fólk heimilisfast á þeim jörðum þar sem landbúnaður er á annað borð stundaður. Eftir að hafa rætt um afköst verður næst lítillega litið á nýliðun og aldurssamsetningu bænda (Magnús S. Magnússon, 1993, bls. 146-148).

Samkvæmt tölum yfir nýliðun í skýrslu Hagfræðistofnunar (Sigurður Jóhannesson og Sveinn Agnarsson, 2004, bls. 59) mun kúabændum hafa fækkað á síðustu árum. Þrátt fyrir það virðist aldurssamsetning bænda í nautgriparækt ekki hafa raskast að ráði. Árið 1992 voru flestir kúabændur 36-65 ára eða 65%, árið 2003 var þetta hlutfall komið í 67%. Þó hafði bændum á aldrinum 56-65 ára fækkað um 5% á meðan þeim yngri fjölgaði svipað hlutfallslega í samanburði við eldri hópinn. Samhliða þessari breytingu á aldurssamsetningu bændanna virðast félagsbú verða algengari því 1992 voru þau 3% en um 2002 var hlutfallið orðið 11%. Í sömu skýrslu (2004, bls. 88 og tafla 4.4. á bls. 89) segir aftur á móti, að hin síðari ár hafi meðalaldur sauðfjárbænda hækkað þar sem fátt ungt fólk fari út í sauðfjárrækt. Þetta hefur verið metið út frá aldri þeirra bænda sem leggja inn kindakjöt (sbr. tafla 4.4. bls. 89). Þar kemur fram að árið 1990 hafi hlutfall yngstu bændanna verið 14,98 eða rúmlega þriðjungur. Árið 2003 var hlutfall ungra sauðfjárbænda komið niður í tæplega 8%. Hlutfall 66 ára og eldri var hins vegar 13% árið 1990 en líðlega fimmti hluti árið 2003. Í skýrslu Hagfræðistofnunar er tekið fram að sauðfjáreign barna og unglinga hafi minnkað og að það gæti skýrt að hluta þessa fækkun ungra sauðfjárinnleggjenda. Nýliðun og aldurssamsetning í landbúnaði var hér skoðuð en í næsta kafla mun fjallað um búskaparhætti (Sigurður Jóhannesson og Sveinn Agnarsson, 2004, bls. 88-9).

## 2.2. Búskaparhættir og bústofn

Magnús S. Magnússon (1993, bls. 138-139) fjallar um ýmsar breytingar í íslensku þjóðfélagi og þar með landbúnaði um og eftir aldamótin 1900, fráfarur lögðust af og kúabúskapur eflidist. Að hans mati voru helstu breytingar í landbúnaði á eignarhaldi bújarða ásamt ýmiss konar tækniframförum í kjölfar iðnbyltingar. Eignarhaldið breyttist þannig að einstaklingarnir, sjálfir bændurnir, höfðu rýmri möguleika á að eignast sínar eigin jarðir. Árið 1842 bjuggu þannig 17% bænda á eigin jörðum. Árið 1930 var hlutfall bænda á eigin jörðum komið upp í tæplega 59%. Trúlega hefur þetta frjálsræði til eignar leitt til aukins sjálfstæðis, bjartsýni og framfaravilja því samhliða iðnvæðingunni, um og eftir aldamótin 1900, breyttust búskaparhættir í landbúnaði. Hlutfall sjálfseignarbænda var síðan komið í 70,6% árið 1960 á



meðan 29,4% höfðu bújarðirnar á leigu. Síðastnefnda hlutfallið hafði haldist nær óbreytt um 1990 að sögn Magnúsar. En breytingar í landbúnaði eru ekki eingöngu bundnar við eignarhald og búsetu, búgreinar hafa líka breyst (Magnús S. Magnússon, 1993, bls. 138-139).

Á seinni hluta 20. aldar segir Magnús S. Magnússon (1993, bls. 139-141) breytingar á bústofni að mestu bundna við tvo þætti. Í fyrsta lagi breytingar á hefðbundnum búgreinum eða hagræðingu innan þeirra og í öðru lagi endurbætur eða stofnsetningu nýrra búgreina. Segja má að nokkuð stórfelldar breytingar hafi orðið hvað varðar hinn hefðbundna bústofn, kýr, kindur og hross. Magnúsar telur nautgriparækt hafa aukist mikið á fyrrgreindu tímabili en einnig hafi orðið tiltölulega miklar breytingar innan hennar. Sauðfjarrækt, hins vegar, dregist saman á tímabilinu og þar komi ýmislegt annað til en sauðfjársjúkdómar sem ollu nokkurri fækkun frá 1944-54. Á sama tíma hafa orðið þær breytingar í hrossarækt að þegar ekki var lengur þörf fyrir hross til sveitastarfa færðist hrossaeignin yfir til íbúa í þéttbýli. Þéttbýlisbúar stunda því í auknum mæli hrossabúskap sér til ánægju og yndisauka. Aðrar breytingar eru þær að nýjar og áður óþekktar búgreinar hafa komið inn í landbúnað svo sem kjúklinga-, svína-, minka- og refarækt. Einnig í auknum mæli ræktun grænmetis og svo fiskeldi undanfarin ár. Þessar nýju búgreinar má ef til vill rekja til breyttra neyslu- og lifnaðarháttanna og þar með nýrra markaða, auk samdráttar í sölu og niðurskurðar í hinum hefðbundna landbúnaði. Eftir þessar vangaveltur um búgreinar er næst fjallað nánar um bústofninn (Magnús S. Magnússon, 1993, bls. 139-141).

Alls voru 21 þúsund nautgripir á landinu árið 1880 en árið 1920 hafði þeim fjölgað í 24 þúsund. Nokkuð mikil fjölgun varð næstu áratugi og árið 1990 voru nautgripir orðnir 75 þúsund talsins. Samfara aukinni þéttbýlisþróun upp úr 1930, myndaðist markaður fyrir mjólkurvörur og þar með aukna mjólkurframleiðslu. Mjólkursamlög urðu til og farið var að gerilsneyða mjólkina. Eins og áður sagði hafa orðið breytingar í sauðfjarrækt líkt og nautgriparækt. Sauðfé var um 500 þúsund árið 1880 og árið 1930 var það 690 þúsund. Árið 1980 var það um 830 þúsund en hefur fækkað mikið síðan þá því árið 1990 voru einungis 550 þúsund kindur á landinu. Nýting sauðfjárafurða hefur einnig verið allt að því byltingarkennd á þessu tímabili. Það sést á því að við upphaf tímabilsins voru lömbin færð frá kindunum svo hægt væri að nýta mjólkina til manneldis. Trúlega hafa þessar fráfærur lagst af í kjölfar aukinnar framleiðslu kúamjólkur. Síðar var enn meiri áhersla lögð á ullar- og kjötafurðir sauðfjárins og lömbin látin ganga undir ánum allt sumarið og svo slátrað að hausti. Segja má að á síðustu árum hafi nær eingöngu verið lögð áhersla á kjötafurðir sauðfjárins því ull og gærum er nú líklega að mestu hent. Trúlega má tengja breytta áherslu í framleiðslu og sölu sauðfjárafurða þróun þéttbýlisins líkt og gerðist innan nautgriparæktar. Hér að framan var

fjallað um nautgripi og sauðfé þá verða hrossin næsta viðfangsefni (Magnús S. Magnússon, 1993, bls. 139-141).

Öfugt við nautgripi og sauðfé virðist hrossarækt síður tengd kjötneyslu. Burtséð frá einhverri hrossakjötsneyslu á seinni árum hefur sala og neysla á því líklega aldrei verið mjög mikil á Íslandi. Trúlega fer það þó eftir því um hvaða landshluta er að ræða. Jafnvel tengt gömlum kreddum eins og þeim sem Eggert og Bjarni (1978 (2. bindi), bls. 53) fjalla um þegar þeir ferðuðust um Ísland á árunum 1752-1757. Þar segir að þrátt fyrir stórtæka hrossaeign bænda allt að 50-100 hross séu það ekki nema fátæklingar sem fargi þeim sér til matar og fái flestir ávítur fyrir. Það voru sér í lagi prestar sem stóðu fyrir skömmunum sem síðan mátti rekja til kirkjulaga og páfadóms. Hrossaeign í landbúnaði tengdist því fyrst og fremst þörf fyrir kraftmikið vinnuafli á árum áður. Það breyttist hins vegar mikið við tilkomu aukinnar vélvæðingar í landbúnaði eftir lok seinni heimsstyrjaldarinnar eins og Magnús S. Magnússon (1993, bls. 140-141) bendir á. Einnig segir hann búnaðarskýrslur sýna hámark hrossaeignar árið 1943 en þá hafi þau verið 62 þúsund. Lágmarkið hafi hins vegar verið 30 þúsund hross árið 1963 sem er fækkun um 52% eða 32 þúsund hross. Magnús telur hrossum hafa fjölgað mikið eftir þetta og árið 1989 töldust þau 69 þúsund. Aukningin mun þó ekki tengjast landbúnaði nema í litlum mæli, langstærstur hluti hennar stafar af frístundabúskap þéttbýlisbúa. Eftir umræðu um bústofn verður næst tæpt á aðkomu ríkisins að landbúnaðinum.

Magnús S. Magnússon (1993, bls. 146) segir nær samfleyttan uppgangstíma hafa verið í landbúnaði á árunum 1953-1978 einkum í þeim búgreinum sem hér hafa verið taldar hefðbundnar. Hann nefnir þó að þar hafi efnahagsleg aðkoma íslenska ríkisins getað skipt máli sem þá hafi virkað hvetjandi á allt framleiðsluferli innan landbúnaðarins. Einnig að þetta virðist hafa leitt til offramleiðslu á landbúnaðarvörum, framleiðslan jókst um ríflega helming frá því á árunum eftir seinni heimsstyrjöld. Efling nýrra aukabúgreina voru taldar til marks um þörf fyrir endurskoðun á aðkomu ríkisins að landbúnaði. Í framhaldi af þessu einkenndust árin eftir 1980 af varfærnislegum athugunum á því hvert skyldi stefna, á hvaða braut væri heilladrýgst að beina íslenskum landbúnaði. Magnús segir þó fyrirbyggjandi að á árunum 1950-1980 hafi engar stórvægilegar breytingar átt sér stað í framleiðslu landbúnaðarins þrátt fyrir aukin afköst og ríkisstyrki. Það var síðan ekki fyrr en á níunda áratugnum sem reynt var af einhverri alvöru að draga úr offramleiðslu í landbúnaði og þá einkum í sauðfjárrækt. Stuðningur við landbúnaðinn ber oft á góma í þjóðfélaginu, slíkir þættir verða því skoðaðir nánar í næsta kafla (Magnús S. Magnússon, 1993, bls. 146).

### 2.3. Sérstaða landbúnaðarins - Stuðningur og styrkir

Magnús S. Magnússon (1993, bls. 149-150) segir ætíð hafa gætt sérstaks velvilja meðal íslenskra stjórnvalda þegar landbúnaðurinn hafi verið annars vegar. Fjárstuðningur til landbúnaðarins hafi þó ekki verið verulegur fyrr en eftir 1925. Stuðningurinn hafði fram til þess aðallega falist í ýmiss konar lagasetningum er vörðuðu landbúnaðinn, bæði félags- og viðskiptalegum. Ennfremur hvað varðaði menntun, samgöngur og styrki til einstakra bænda. Aldamótaárið 1900 var þó sérstakur Ræktunarsjóður stofnsettur með lögum. Hann var sá fyrsti sem bændur gátu sótt til, bæði um lán og styrki segir Magnús. Sjóðurinn starfaði einungis í fimm ár með upphaflegu sniði en eftir það voru sett ný lög um styrkveitingar til landbúnaðarins. Magnús segir þær hafa farið ört vaxandi upp úr þessu og verða að einhverju leyti skoðaðar hér á eftir auk lagasetninga (Magnús S. Magnússon, 1993, bls. 149-150).

Árið 1943 voru til að mynda sett lög svo hægt væri að móta verðlagsgrundvöll um landbúnaðarafurðir segir Magnús (1993, bls. 152-153). Í kjölfar þeirra var mynduð svokölluð sexmannanefnd sem átti, með hjálp laganna, að tryggja að tekjur bænda stæðust samanburð við tekjur annarra starfsgreina. Ekki löngu síðar, eða árið 1947, var Framleiðsluráð landbúnaðarins stofnað og stýrði það verðlagi og sölu á landbúnaðarafurðum, og þar með launum bænda, allt fram á 9. áratuginn. Nauðsynlegt reyndist að flytja út 1/5 mjólkurafurða og 1/3 kindakjöts á 6. áratugnum vegna mikillar framleiðslu. Þessu var þó breytt aftur um 1980. Magnús segir útflutning landbúnaðarafurða árána 1959-80 að jafnaði hafa numið um 3% af allri framleiðslu þjóðarinnar. Hann segir að skipta megi forsendum fyrir þessum niðurgreiðslum í þrennt: Í fyrsta lagi sé það viljinn til aukinnar sölu og/eða framleiðslu, í öðru lagi vonin um bættar kringumstæður þeirra er búa við kröpp kjör og í þriðja lagi tilburðir til að lagfæra þann kostnað sem er við framfærslu og laun. Allt fram undir 1990 hafa það aðeins verið mjólk og smjör sem óslitið hafa notið niðurgreiðslu. Allar aðrar landbúnaðarafurðir hafa verið niðurgreiddar öðru hverju eða alls ekki. Þó hafa afurðir hinna hefðbundnu framleiðslu í sauðfjár- og nautgriparækt fremur notið þessa. Nokkur gagnrýni hefur verið á þessa þróun og hún ekki talin réttlát gagnvart annars konar landbúnaðarafurðum. Það hefur þó markvisst verið unnið að nýrri stefnu í málefnum landbúnaðarins síðan 1978 og haft að leiðarljósi meira jafnvægi innan mismunandi framleiðsluþátta. Hér hefur lauslega verið fjallað um stuðning og lagasetningar í landbúnaði næst verður skoðað hvað fram kemur í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um slíkt (Magnús S. Magnússon, 1993, bls. 152-153).

Sigurður Jóhannesson og Sveinn Agnarsson (2004, bls. 3) segja landbúnaðarafurðir fyrir margra hluta sakir njóta nokkurrar sérstöðu. Að þeirra mati felst sérstaðan í því að afurðir landbúnaðarins eru matvara og enginn getur lifað án matvæla. Þeir segja

matvælamarkaðinn þó viðkvæman meðal annars vegna þess að hann sé háður almennri kaupgetu. Einnig vegna óvissuþátta í löngu framleiðsluferli þar sem veðurfar og ýmsir sjúkdómar geta skipt máli. Framleiðslugeta landbúnaðarvara segja þeir nokkuð mikla og framboðið geti orðið meira en neyslan. Vegna þessarar miklu framleiðslu hafi stjórnvöld oft og tíðum talið rétt að grípa inn í ferlið og stýra bæði framleiðslunni og verðinu. Aðrir þættir kunni að hafa haft áhrif á þessi afskipti stjórnvalda eins og óttinn við að matvælaframleiðsla í landbúnaði og byggðir í sveitum legðust af. Ennfremur að einhverjir álíti inngrípin ekki ávinning fyrir þjóðfélagið og að framboð og eftirspurn eigi að ráða. Það verður þó að telja vafasamt að einskærar markaðsaðstæður stýri því sem segja má eina meginforsendu þess að mannkynið komist af, ekki síst í ljósi umræðu um fæðuöryggi. Um þetta eru þó skiptar skoðanir sem segja má eðlilegt þegar um jafn mikilvæg verðmæti er að ræða og matvælaframleiðslu. Jafnvel er talið að þetta sé eitt af undirstöðum sjálfstæðis hvernar þjóðar að vera sjálfri sér næg um matvæli. Þeir Sigurður og Sveinn (2004, bls. 3) segja það hins vegar hafa tíðkast meira og minna alla 20. öldina að ýmsum aðferðum hafi verið beitt til að hafa stjórn á framgangi framleiðslunnar. Í því sambandi nefna þeir niðurgreiðslur, setningu kvóta og bann við innflutningi. Sagt hefur verið að markmiðið íslenskra stjórnvalda með innflutningsbanni hafi meðal annars verið sett á til þess að vernda íslenskan bústofn gegn sjúkdóma- og smithættu. Sigurður og Sveinn (2004, bls. 3) fjalla svo um sérstaka tolla og gjöld, útflutningsbætur og lagaramma yfir lágmarksverð. Þeir telja þó að þessi inngríp hafi minnkað upp úr síðustu aldamótum að undanskildum verndartollum. Samkvæmt umræddri skýrslu mun frjáls samkeppni hafa verið í öllum greinum nema þremur, mjólkur-, sauðfjár- og garðyrkjuframleiðslu. Framleiðsla mjólkur var þannig háð takmörkunum og að auki greiddi ríkið ákveðinn hlut af lágmarksverði framleiðslunnar til bænda. Bæði sauðfjár- og garðyrkjubændur fengu svo beingreiðslur úr ríkiskassanum, óháð framleiðslumagni eins og segir í skýrslunni (Sigurður Jóhannesson og Sveinn Agnarsson, 2004, bls. 3). Líklega hafa þó ýmsar forsendur sem Sigurður og Sveinn vinna út frá breyst eftir framsetningu skýrslunnar svo sem verndartollar og beingreiðslur, en fjallað verður nánar um þær í kafla um niðurstöður viðmælenda.

Samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar (Sigurður Jóhannesson og Sveinn Agnarsson, 2004, bls. 4) hefur oft og tíðum, við stefnumótun landbúnaðarmála, meira tillit verið tekið til hagsmuna landbúnaðarins en hagsmuna neytenda. Þar segir ennfremur að rekja megi það til þeirrar stöðu sem landbúnaðurinn hafi haft í þjóðfélaginu, í gegn um tíðina, þar sem hann var í langan tíma grundvallaratvinnuvegur þjóðarinnar. Þó hlutur landbúnaðarins af heildarframleiðslu þjóðarinnar hafi við upphaf 21. aldarinnar einungis verið um 2% þá var

hann um aldamótin 1900 rúmlega 40%. Árið 1920 bjuggu 50% þjóðarinnar í sveitum landsins en í upphafi þeirrar 21. tæplega 10%. Þrátt fyrir að þessi hlutföll hafi raskast svo mikið virðist sem íslenskar sveitir og náttúra eigi enn nokkuð sterk ítök hjá þjóðinni. Þetta hafa bændur nýtt sér í baráttunni fyrir bættum hag, samhliða viðhaldi byggðar og sérkennum íslenskrar náttúru. Í skýrslunni (Sigurður Jóhannesson og Sveinn Agnarsson, 2004, bls. 43-44) segir sem dæmi um mikilvægi landbúnaðarins fyrir þjóðina, sé sú áhersla sem allir íslenskir stjórnmalaflokkar leggi á málefni hans. Þannig sé til að mynda fjallað sérstaklega um verndum og viðhald íslenskrar matvælaframleiðslu hjá öllum flokkunum ásamt því hve mikilvægt sé að efla traust neytenda til framleiðslunnar. Þetta má telja svipaða hagsmuni eða markmið og fram komu í nýlegri umræðu um fæðuöryggi á meðal forystumanna í íslensku þjóðlífi á Búnaðarþingi 2008. Nú hefur verið fjallað um sérstöðu og stuðning við landbúnaðinn næst verður veðurfar og loftslagsbreytingar skoðaðar.

#### **2.4. Loftslagsbreytingar, áhrif og viðbrögð**

Veðurfar hefur alla tíð skipt miklu í íslenskum landbúnaði þó vissulega skipti aðrir þættir máli eins og val á ræktunarsvæði og staðsetning þess eftir landshlutum. Magnús S. Magnússon (1993, bls.137) segir að um 25 þúsund ferkílómetrar, um ¼ hluti landsins, séu 200 metra yfir sjávarmáli og af þeim 14 þúsund ferkílómetrar þegar ræktaðir. Þó líklega liggja ekki fyrir nákvæmar mælingar á hve ræktanlegt land er umfangsmikið má gera ráð fyrir að hið sama gildi um staðsetningu ræktanlegs lands og þess lands sem þegar hefur verið ræktað. Ennfremur gæti verið erfitt að skilgreina hvaða hlutar lands eru ræktanlegir í dag. Allar líkur eru þó á, miðað við spár um loftslagsbreytingar, að mörk ræktanlegra landsvæða komi til með að breytast og færast hærra yfir sjávarmál en núverandi mörk gefa til kynna. Til þess að fá nánari vitneskju um veðurfar og ræktunarmöguleika framtíðar verður spá um slíka þætti skoðuð næst.

Á Fræðarþingi landbúnaðarins árið 2007 var ræktunarmöguleikum framtíðarinnar velt upp og þeir tengdir líklegum veðurfarslegum aðstæðum á Íslandi. Veðurfar tímabilsins 1961-1990 var borið saman við veðurfarsspá árána 2071-2100. Samkvæmt útreikningum þeirra mun hlutfallsleg hlýnun, fyrir hvern dag ársins, verða mest þr. dag að hausti, þó á því geti orðið einhverjar sveiflur. Samkvæmt spánni mun sumarið og þar með ræktunarmöguleikar lengjast sem þessu nemur fram á haustið. Líklega væri þá hægt að rækta bæði bygg og hveiti til fulls þroska á Íslandi á árunum 2071-2100. Ræktunartíminn ætti þannig lengjast frá því um 20. apríl fram undir miðjan október nema eitthvað annað komi til. Veðurfarsleg

ræktunarskilyrði byggjast ekki eingöngu á hlýnun, sitthvað felst í hugtakinu veðurfar svo sem *allra veðra er von*. Ýmislegt getur haft slæm áhrif á gróður svo sem hvassviðri og frost, korn er sérstaklega viðkvæmt fyrir þessu. Hættan á þess háttar veðurfari virðist vera einna helst frá byrjun júlí og fram í miðjan september, samkvæmt þeim veðurfarsspám sem hér hafa verið til umræðu. Þetta gæti sett strik í reikninginn varðandi korn- og hveitiræktun þannig að ekki yrði mögulegt að lengja ræktunartímann eins mikið og hitaspár segja til um. Í framtíðinni er hvassviðri jafnvel talið verða korni skaðlegra en frost. Ennfremur benda langtíma rannsóknir á veðurfari allt frá því á 19. öld til þess að mjög kaldir vetur gefi oft og tíðum köld sumur og á sama hátt hlýir vetur, hlý sumur. Þessu mun líklega öðruvísi farið undir lok 21. aldarinnar, framtíðarspár gera ekki ráð fyrir sams konar samspili sumars og vetrar. Til þess að geta sagt til um áhrif hafíss á kuldakast á Íslandi í júlí árið 1998 var fylgst með ferðalagi loftmassa í einn sólarhring frá hafinu austan af Grænlandi (norðan við Jan Mayen). Á sólarhring barst hið kalda loft norður eftir austurströnd Grænlands og til Íslands. Aðfaranótt 10. júlí 1998, um miðnætti, var loftmassinn rétt við yfirborð jarðar á Norðurlandi. Rannsóknin gerir ekki ráð fyrir hafis á umræddu hafsvæði yfir sumartímann í framtíðinni. Samkvæmt þessum framtíðarspám benda því allar líkur til þess að köld sumur á Íslandi heyri sögunni til. Þetta ætti einnig að treysta enn frekar mikilvægi umræðu um fæðuöryggi. Veðurfarsspár hafa nú verið ræddar næst verður að einhverju leyti fjallað um hvað veldur breytingum á loftslagi (Haraldur Ólafsson, Áslaug Helgadóttir, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Jónatan Hermannsson og Ólafur Rögnvaldsson, 2007).

Bjarni E. Guðleifsson (2005a) segir engan vafa leika á því að loftslag í veröldinni fari hlýnandi og að það jafnvel hlýni enn frekar í framtíðinni. Ástæðuna má bæði rekja til náttúrunnar og þess sem maðurinn hefur sjálfur komið til leiðar. Einnig að þær lofttegundir sem af manna völdum hafi mest áhrif séu koltvísýringur, mýragas (metan), hláturgas og vatnsgufa. Hann segir ennfremur að um 60% þessara skaðlegu lofttegunda komi frá koltvísýringi, rétt um 20% frá mýragasi og um 6% frá hláturgasi. Einnig að í heiminum öllum sé stærstur hlutinn kominn frá iðnaði og útblæstri ökutækja. Mengun út frá koltvísýringi á heimsvísu telur hann ekki koma nema í litlu magni frá landbúnaði. Hins vegar valdi mýragas um 50% mengunar og hláturgas 80%. Sé þessu öllu breytt yfir í koltvísýringismengun segir Bjarni, verður heildarútkoman rétt innan við 20%. Bjarni (2005b) vísar í tölur yfir losun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi sem birtar hafi verið árið 2002 og sýnt að 69% þeirra væri koltvísýringur, mýragas var aftur á móti 17% og hláturgas 10%. Þegar litið er til hve stór hluti allra gróðurhúsalofttegunda, á landsvísu, kom frá landbúnaði árið 2002 er hlutfallið ekki nema 17%. Þar sem rætt er um ferð áður nefndra lofttegunda út í andrúmsloftið vegna uppgufunar

frá landi kemur ekki fram hvort landið er gróið eða ekki. Það ætti þó að skipta máli ef verið er á annað borð að tengja þessar upplýsingar íslenskum landbúnaði. Bjarni segir nýlegar rannsóknir gefa til kynna að við röskun á gróðurfari verði losun gróðurhúsalofttegunda mjög mikil einnig í framræstu votlendi. Hann segir mikla umræðu hafa verið í Þjóðfélaginu og víðar um kolefnisjöfnun og að skógrækt og önnur landgræðsla geti orðið til þess að binda koltvísýring. Talið er að á Íslandi komi samtals 47% gróðurhúsalofttegunda úr ræktuðum jarðvegi sem mýragas og hláturgas segir hann. Þar af séu 44% vegna gerjunar í meltingarfærum búfjár og 9% vegna búfjáraburðar. Íslenskur landbúnaður gæti snúið þessari þróun við með ýmsu móti þó hlutfallið á heimsvísu yrði ekki stórt að mati Bjarna. Í því sambandi mætti nefna rétta áburðarnotkun og jarðvegsvinnslu auk vel ígrundaðra aðferða við frágang og úrvinnslu sorps og búfjáraburðar. Líklega krefjast þessir þættir þó fræðslu, bæði á meðal almennings og inn í skólakerfið segir hann. Næst er komið að því að skoða hvað áður nefndar lofttegundir hafa í för með sér (Bjarni E. Guðleifsson, 2005a og 2005b).

Aukinn koltvísýringur í andrúmsloftinu hefur tvenns konar jákvæð áhrif fyrir landbúnaðinn segir Bjarni E. Guðleifsson (2005a). Í fyrsta lagi nýtist hann sem næringarefni fyrir plöntur, en í fyrirlestri hjá Akureyrarakademiunni sagði Bjarni (10. apríl 2008b) að grænmetisbændur notuðu koltvísýring inni í gróðurhúsum til að auka vöxt grænmetisins. Í öðru lagi segir Bjarni (2005a) hann nýtast sem hækkun á hitastigi, sér í lagi á norðurslóðum. Hann telur breytingarnar þó líka geta haft neikvæð áhrif svo sem með hækkandi yfirborði sjávar, auknu skýjafari og illviðrum. Ennfremur gæti úrkoma breyst, líklega fari áhrifin eftir landsvæðum. Í framtíðarspám er talið að þessar breytingar geti átt sér stað á 100 ára tímabili þó óvissa ríki um suma þætti rannsóknanna. Þrátt fyrir einhverja óvissuþætti virðist full ástæða fyrir íslenska bændur að hafa þessar breytingar í huga við framtíðaráform sín. Bjarni segir að samkvæmt rannsóknum muni hlýna í öllum heiminum að meðaltali um 2°C og úrkoma aukast um 5%. Ennfremur að hlýnunin verði mest að vetrarlagi sem Bjarni (10. apríl 2008b) sagði skipta mestu máli fyrir gróðurinn því fjölærar plöntur lifi vissulega allt árið. Einnig að hún verði hlutfallslega mest í heiminum á norðurslóðum, hún gæti aukist þar um 7°C og úrkoma að vetri um 15%.

## 2.5. Hitabreytingar og búsetuþróun

Samkvæmt því sem Bjarni E. Guðleifsson og Björn L. Örvar (2000) segja er svell kunnasta ástæða kalskemmda í íslenskum tünnum. Þar sem svellkal virðist hafa verið nokkuð algengt á Íslandi hafa fræðimenn velt vöngum yfir hver ástæðan sé. Áður var haldið fram að súr og

Þéttur jarðvegur, ásamt mikilli áburðarnotkun, hafi dregið úr þoli grastegundanna til að komast óskaddaðar undan svellinu. Nú eru menn á öðru máli og telja plönturnar verða fyrir eins konar súrefnisskortri undir svellinu. Þegar þær síðan losna þaðan á vorin og súrefni kemst að þeim verða þær fyrir áfalli og drepast. Kalskemmdir hafa löngum verið einn af áhættuþáttunum í íslenskum landbúnaði. Eftir þessar vangaveltur um kalskemmdir og svell er ekki erfitt að tengja slíkt frosti og kulda. Ræktunarmöguleikar eru háðir ýmsum þáttum, einn af þeim er staðsetning lands yfir sjávarmáli með tilliti til hitastigs. Samfara hlýnandi veðurfari, eins og nýjustu spár gera ráð fyrir, verður að telja líklegt að ræktunarmöguleikar aukist og hæðarlína ræktanlegs lands færist hærra yfir sjávarmál en nú er.

Í fyrirlestri á Akureyri sagði Bjarni E. Guðleifsson (2008b, 10. apríl) að hækkandi vetrarhiti skipti meira máli fyrir gróðurfar og búsetuþróun en hækkandi sumarhiti. Ræktunarsvæði verði gjöfulli og möguleiki á að ræktun færist hærra yfir sjávarmál. Um þjóðfélagsþróun á Íslandi segir Guðmundur Hálfðanarson (1993, bls. 23) að hún hafi ráðist af samfélagslegum þáttum en ekki síður náttúrufarslegum kringumstæðum svo sem veðurfari. Þannig var það að stórum hluta veðurfar sem gerði það að verkum að byggð breiddi úr sér og heiðarbýlin urðu að veruleika, á árunum frá 1830-1860, eins og Guðmundur bendir á. Þessu til stuðnings segir hann að býlum í Eyjafjarðarsýslu hafi fjölgað um 70 á árunum frá 1801-1860 og um 97 í Rangárvallasýslu á sama tímabili. Samfara miklum kulda og öðrum búsisfjum dróst byggð aftur saman upp úr 1860 og heiðarbýlum fækkaði. Ekki er ólíklegt að þeirri hlýnun sem spáð er í framtíðinni, og fjallað var um í kafla um loftslagsbreytingar hér að framan, fylgi svipuð þróun og byggð færist aftur upp til heiðanna.



### 3. Framkvæmd rannsóknar og kynning á viðmælendum

#### 3.1. Framkvæmd rannsóknar

Viðtalsrannsókn var gerð á hugmyndum og þekkingu átta manna hóps um íslenskan landbúnað, aðstæður og framtíðarhorfur. Hópurinn var valinn með það í huga að viðmælendur hefðu, með einum eða öðrum hætti, komið að landbúnaði, landbúnaðarstörfum, rannsóknum eða stjórnunartengdum störfum og menntun. Síðan voru mótaðar og settar fram spurningar með framangreint markmið í huga. Fyrstu spurningarnar sem lagðar voru fyrir viðmælendur fólu í sér möguleika á að setja fram hugmyndir um stöðu íslensks landbúnaðar í dag og hverjar þeir teldu framtíðarhorfurnar. Þeir veltu þeim einnig fyrir sér með tilliti til loftslagsbreytinga, jákvæðum sem neikvæðum. Einnig hvort þeir teldu eitthvað geta komið í veg fyrir jákvæð áhrif ef til þeirra kæmi. Viðmælendur voru spurðir út í mikilvægi landbúnaðar fyrir þjóðfélagið, svo sem menningar- og samfélagslegt gildi, fæðuöryggi og náttúrutengsl. Þá voru þeir beðnir að velja fyrir sér sjálfsmynd bænda, hvort atvinnugreinin væri áhugaverð eða hvort um fækkun væri að ræða. Einnig í ljósi þess að greinin væri áhugaverð, hvað þeir teldu mikilvægt til að efla áhuga og gera áhugasömum kleyft að hefja búskap. Loks voru viðmælendur beðnir um álit á frístundabyggð og uppkaupum bújarða, hvort þeir teldu það jákvæða eða neikvæða þróun fyrir bændasamfélagið, með tilliti til nýtingar ræktarlands. Hér hefur vali á viðmælendum verið lýst ásamt því hvað spurningarnar fólu í sér. Næst mun skýrt frá framkvæmd viðtalsrannsóknarinnar.

Viðtölin, og eftirfylgni þeirra, fóru fram í mars og þar til í byrjun maí árið 2008. Rannsakandi hafði í upphafi samband við viðmælendur símleiðis og með tölvupósti til þess að kanna áhuga þeirra á að taka þátt í rannsókninni. Allir sýndu málinu strax mikinn áhuga og töldu ekki eftir sér að taka þátt. Þess ber að geta að viðmælendur vísuðu stundum til umræðu í fjölmiðlum, sem var skoðuð eftir hentugleikum. Næsta skref var að ákveða hvernig hvert viðtal færi fram og í framhaldi af því staður og stund. Viðtölin fóru síðan fram eftir hentugleikum hvers og eins í Eyjafirði, Skagafirði og á Akureyri. Aðeins í einu tilfelli reyndist ekki mögulegt að koma á viðtali, nema með símtölum og tölvupósti. Í öllum tilfellum, eftir að fyrsta viðtal fór fram, var rannsakandi í sambandi við viðmælendur símleiðis eða með tölvupósti til að afla frekari upplýsinga. Lýsandi fyrir viðfangsefnið og aðstæður viðmælenda voru hljóðin sem bárust rannsakanda símleiðis á þessu stigi rannsóknarinnar. Hljóðin voru allt frá ánægjulegu kýrbauli, dráttarvélagný á kornakri og torkennilegu hljóði, þegar rannsakandi gerði tilraun til að hringja í spánýtt símanúmer í fjósi sem nýverið var tekið í notkun. Hér hefur framkvæmd og aðstæðum verið lýst. Næst verður að einhverju leyti greint

frá viðbragði viðmælendanna við spurningunum og síðan hvernig greining á útkomu viðtalanna þróaðist í þemu út frá spurningunum.

Á þessu stigi verður ekki greint frá útkomu viðtalanna, heldur því hvernig viðmælendur brugðust við spurningunum. Þegar þær fyrstu höfðu verið settar fram var algengt að fram kæmu svör við spurningum sem ráðgert hafði verið að leggja fyrir í framhaldinu. Rannsakandi álitur það merki um rökrétta uppbyggingu spurninganna. Sú spurning sem virtist koma viðmælendum mest á óvart var spurning um sjálfsmynd bænda. Spurt var sérstaklega út í hugmyndir um fæðuöryggi en svörin gáfu ekki tilefni til sérstaks þema um það, heldur fléttaðist sú umræða með ýmsu móti inn í önnur þemu. Rannsakandi telur það sýna hvernig umræða um fæðuöryggi tengist íslenskum landbúnaði með fjölbreyttum hætti. Í fyrstu voru svörin við spurningunum skráð og þeim skipt í tvennt eftir því hvort viðmælendur voru starfandi í landbúnaði eða ekki. Út frá því var ákveðið að flétta öllum svörunum saman og skipta útkomunni í þemu sem hefði einskonar söguþráð. Það var því eiginlega sjálfgefið að fyrsta þemað næði yfir aðstæður landbúnaðar á Íslandi í dag. Hið næsta um mikilvægi landbúnaðarins þar sem ýmislegt var týnt til sem skiptir máli eins og matvælaframleiðsla, samfélagsgildi og náttúra. Þema um sjálfsmynd, ímynd og kringumstæður varð til út frá umfjöllun um málefni bænda í þjóðfélaginu meðal annars í fjölmiðlum. Undir þemað framtíðarhorfur féllu hugleiðingar um sérstöðu landbúnaðarins, þróun efnahagsmála og mikilvægi menntunar. Því næst varð til þema um tækifæri og vandamál í ljósi loftslagsbreytinga, þar sem fjallað var um mikilvægi þess að bæði stjórnvöld og bændur væru samstíga um aðgerðir. Þema um nýliðun, nýsköpun og þróun varð til út frá umræðu um fjöldaþróun, nýjar leiðir eins og lífræna ræktun svo dæmi sé nefnt. Lokaðemað varð síðan til út frá umræðu um frístundabyggð, sölu á bújörðum og mikilvægi þess fyrir framtíðina að spilla ekki ræktanlegu landi. Næst verða viðmælendur rannsóknarinnar kynntir.

### 3.2. Kynning á viðmælendum

Í kynningu á viðmælendum verður fullt nafn tilgreint ásamt helstu aðstæðum hvers þeirra. Þar sem fyrsta nafn tveggja viðmælenda er Bjarni verður þeirra beggja áfram getið fullu nafni til aðgreiningar. Fullt nafn annarra viðmælenda kemur eingöngu fram hér í kynningunni. Nánari upplýsingar um viðmælendur er að finna í heimildaskrá.

Bjarni Bragason (2008, 1. apríl) býr ásamt eiginkonu sinni, Lindu Björnsdóttur, á Halldórsstöðum í Skagafirði, skammt frá Sauðárkróki. Samhliða búskapnum er Bjarni í hálfu

starfi sem safnvörður hjá Byggðasafni Skagfirðinga og Linda vinnur sem leikskólakennari. Þau eru með 400 kindur og 45 kýr af holdanautastofni (galloway). Kýrnar bera í júní til júlí, allar á svipuðum tíma, sem er frábrugðið hefðbundnum mjólkurkúabúskap. Einnig eru þau með eitthvað af hrossum. Árið 1995 keyptu hjónin jörðina Halldórsstaði í Skagafirði. Hvorugt þeirra hafði alist upp í sveit, hann frá Selfossi og hún Sauðárkróki. Þegar Bjarni var strákur var hann sendur í sveitina á vorin, snoðklíptur og með glænýja gúmmískó. Það eina skilyrði var sett fyrir sveitadvölinni, að þegar hann kæmi til baka ættu gúmmískórnir að vera gatslitnir. Sveitastörfin heilluðu, hann fór í bændaskólann á Hvanneyri og útskrifaðist þaðan árið 1982. Menntunina segir hann hafa staðið með sér, einnig að hafa ekki farið of ungur út í búskap. Bjarni gaf sér 10 ára aðlögunartíma og setti sér langtímamarkmið. Hann stundaði fulla vinnu annars staðar, samhliða bústörfunum, alveg til ársloka 2005. Í fyrstu var búskapurinn eingöngu hrossarækt og fáeinar kindur en árið 1997 bætti hann holdanautgripunum við. Nú orðið telur Bjarni sig meiri bónda en hestamann, þó upphaflegt markmið með jarðakaupunum hafi verið að eignast góða aðstöðu fyrir hrossin. Hann er ánægður með nálægðina við þéttbýlið og segir gott að eiga þess kost að geta stundað vinnu samhliða bústörfunum. Bjarni hefur byggt þennan búskap nánast upp frá grunni, fyrir utan fáeinar byggingar sem voru til staðar.

Bjarni E. Guðleifsson (2008a, 18. mars), prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Bjarni E. Guðleifsson (Landbúnaðarháskóli Íslands, e.d.) er búfræðingur frá Bændaskólanum á Öxnavaði í Noregi og búfræðikandídat frá jarðræktardeild landbúnaðarháskólans að Ási í Noregi. Efnisáhersla kandidateitgerðar Bjarna E. Guðleifsson var „Kal í túnum á Íslandi orsakir og umfang“. Hann hefur starfað við tilraunir og rannsóknir við Tilraunastöðina á Möðruvöllum í Hörgárdal og verið framkvæmdastjóri hjá Ræktunarfélagi Norðurlands. Auk þess ráðunautur hjá sama félagi frá 1981-1990 með áherslu á ráðgjöf um ræktun. Frá 2004 hefur Bjarni E. Guðleifsson kennt bæði við Háskólann á Akureyri og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, þar sem hann hefur verið prófessor síðan 2005. Bjarni E. Guðleifsson (2008a, 18. mars) er alinn upp í Reykjavík en var níu sumur í sveit í Dölunum. Þar kynntist hann landbúnaði og sveitastörfum og ekki síður íslenskri náttúru sem hefur heillað hann alla tíð síðan.

Ingvar Björnsson (2008, 3. apríl) er héraðsráðunautur hjá ráðgjafabjónustunni Búgarði á Norðurlandi. Ingvar lauk BSc prófi í Búvísindum frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri 1999 og MSc prófi í plöntukynbótum frá University of Guelph í Ontario í Kanada 2003. Ingvar hefur starfað hjá Búgarði síðan 2003 við jarðrækt og rekstrarráðgjöf. Aðalrannsóknarefni hans hafa verið kynbætur og rannsóknir á byggi og korni, ásamt

rannsóknnum á fôðuröflunarhagkvæmni. Ingvar er fæddur og uppalinn á Hólabaki í Sveinsstaðarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu þar sem hann dvaldi til 20 ára aldurs. Það verður því varla annað sagt en Ingvar hafi góða innsýn í málefni íslensks landbúnaðar enda segist hann alla tíð hafa lifað og starfað í því umhverfi.

Laufey Skúladóttir (2008, 6. apríl) býr ásamt eiginmanni sínum, Ásvaldi Ævari Þormóðssyni, á Stórutjörnum í Ljósavatnsskarði. Búskapurinn samanstendur af 52 kúm og 40 kálfum, kvígum og geldneytum, 135 kindum, þremur hestum og tveimur hundum. Þetta er þeirra aðalstarf í dag þó sveitarstjórnarmál og fleiri stjórnarstörf taki drjúgan tíma hjá Ásvaldi. Þau bjuggu um tíma á Húsavík og Ásvaldur lærði þar húsasmíði. Bæði telja þau skipta máli að hella sér ekki of snemma út í búskap, prófa eitthvað annað fyrst. Þrátt fyrir að vera alinn upp í sveit var Ásvaldur ekki sannfærður um búskaparáhugann þó sannfæringin sé fyrir hendi í dag. Laufey var hins vegar alltaf sannfærð um að sveitastörfin væru það sem hún vildi leggja fyrir sig. Laufey og Ásvaldur tóku við fjárbúskapnum á Stórutjörnum árið 1985, þá bjuggu þau í Stórutjarnaskóla þar sem þau unnu við gæslu og kennslu samhliða búskapnum. Árið 1994 keyptu þau síðan búið, á Stórutjörnum, af foreldrum Laufeyjar og tóku þá einnig við kúabúskapnum á bænum.

Leifur Guðmundsson (2008, 8. apríl) er bóndi í Klauf í Eyjafjarðarsveit og býr þar með eiginkonu sinni, Þórdísi Karlsdóttur bónda og orgelleikara. Þórdís starfaði sem orgelleikari og kórstjórnandi í 15 ár en einbeitir sér nú eingöngu bústörfunum. Frá 1975 voru Leifur og Þórdís í félagsbúi með foreldrum hans og tóku alfarið við búinu upp úr 1985. Hann útskrifaðist frá bændaskólann á Hólum árið 1971 og stefndi á frekara nám. Leifur innritaði sig í lýðháskóla, í nám sem átti að hefjast haustið 1974. Þegar þeim hjónum bauðst að setjast í félagsbú með foreldrum Leifs, ákvað hann að hætta við fyrirhugað nám og helga sig fremur bústörfunum. Leifur og Þórdís búa nú með 41 kú, átta kindur og sjö hænur. Fjárstofninn og hænsnin segir hann einn af félagslegu þáttunum í búskapnum og alveg ómissandi hluta af starfinu. Þar til fyrir þremur árum var Leifur einn af fjórum bændum á landinu sem ræktuðu stofnútsæði fyrir kartöfluræktendur. Hann sagði öflugt eftirlit hafa verið með þessari ræktun af hálfu RALA, bæði á haustin áður en grös féllu og við uppskeru og flokkun útsæðisins. Leifur segist hafa erfitt áhuga á skógrækt frá fôður sínum, Guðmundi Sigurgeirssyni. Þeir unnu í sameiningu að ræktun skjólbelta sem víða má sjá á landareigninni. Hann er á því að skjólbeltin geri það að verkum að staðsetning jarðeignarinnar virðist sunnar á hnettinum. Einnig að slík ræktun sé jákvæð fyrir landbúnaðinn. Leifur segir þá feðga hafa lagt um 10-12 hektara undir skógrækt, land sem ekki var nýtilegt til annarrar ræktunar.

Sigurgeir Bjarni Hreinsson (2008, 8. apríl) er bóndi á Hrishóli í Eyjafjarðarsveit og býr þar ásamt eiginkonu sinni, Bylgju Sveinbjörnsdóttur, klæðskera og kjólasveini. Þau vinna bæði að bústörfunum. Bylgja hefur áhuga á þjóðbúningasaumi og hefur hug á að koma aðstöðu fyrir slíkt upp á Hrishóli. Sigurgeir útskrifaðist frá bændaskólanum á Hvanneyri árið 1977 og er formaður Búnaðarsambands Eyjafjarðar. Árið 1981 hófu þau hjónin búskap á Hrishóli, í fyrstu með foreldrum hans. Búið samanstendur af 55 kúm, 80 nautgripum og um 80 kindum. Kindunum er þó alltaf að fækka að sögn Sigurgeirs. Fáir í fjölskyldunni hafa ánægju af þeim en hann. Nokkur hross eru á Hrishóli, aðallega til skemmtunar og í smalamennsku.

Skúli Skúlason (2008, 1. apríl) er prófessor og rektor við Landbúnaðarháskólann að Hólum í Hjaltadal. Skúli (Hólaskóli, Háskólinn á Hólum, e.d.) lauk BS líffræðiprófi 1981 frá Háskóla Íslands og fjórðaársverkefni frá sama skóla 1983. M.Sc meistaraáráðu frá dýrafræðideild University of Guelph í Ontario í Kanada 1986 og Ph.D doktorsprófi í dýrafræði frá sama skóla 1990. Frá árinu 1981 hefur Skúli lagt stund á rannsóknir og kennslu á Íslandi, Kanada og Bandaríkjunum. Árið 1999 var hann ráðinn skólameistari við Hólaskóla og síðar rektor Háskólans á Hólum. Skúli (2008, 1. apríl) er fæddur og uppalinn á Akureyri en eins og meirihluti Íslendinga rekur hann ættir sínar til sveitanna. Sem barn dvaldi Skúli löngum stundum á æskulóðum fjölskyldunnar í Hörgárdal og heldur þeim tengslum enn. Á unglingsárum sínum vann hann við skógrækt víða á Norðurlandi. Einnig samhliða námi og eftir námslok við rannsóknir á vistfræði bleikjunnar í Þingvallavatni og víðar um landið. Skúli segist því hafa verið í miklum og góðum tengslum við landbúnaðinn og bændur um langan tíma. Tengslin telur hann ekki síður tilkomin vegna leiðsagnar um náttúru Íslands og af kennslu í ferðamálum á Hólum.

Steingrímur J. Sigfússon (2008, 4. apríl) er alþingismaður og formaður Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs. Steingrímur (Alþingi, e.d.b) er með B.Sc próf í jarðfræði frá Háskóla Íslands 1981 og kennslu- og uppeldisfræði frá sama skóla 1982. Auk vinnu við jarðfræðirannsóknir var hann um tíma íþróttafréttamaður hjá RÚV og í sumarvinnu sem vörubílstjóri. Hann hefur setið á Alþingi síðan 1983 og sinnt þar ýmsum trúnaðar- og nefndarstörfum, bæði af hálfu Alþýðubandalags og síðar Vinstri grænna. Steingrímur var landbúnaðar- og samgönguráðherra fyrir hönd Alþýðubandalagsins 1988-1991. Auk fyrri nefndarstarfa situr Steingrímur nú í utanríkismálanefnd (frá 1999-) og í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins frá 2007. Steingrímur (2008, 4. apríl) er fæddur og uppalinn á Gunnarsstöðum í Þistilfirði.

## 4. Niðurstöður viðtalsrannsóknar

### 4.1. Landbúnaður í dag

Steingrímur (2008, 4. apríl) segir aðstæður landbúnaðarins að mörgu leyti erfiðar og nefndi í því sambandi nýlegar verðhækkanir á áburði, orku og ýmsum aðföngum. Landbúnaðinn sagði hann áður hafa gengið í gegn um ýmsar breytingar sem margar eru að baki og þar hafi þessi atvinnugrein sýnt mikla aðlögunarhæfni. Steingrímur tók sem dæmi þjóðfélagsbreytingar og breyttar neysluvenjur sem hafi haft áhrif á þróun og aðstæður landbúnaðarins. Hann segir að á meðan þurfi að takast á við ýmsa erfiðleika í núinu, þá séu að mörgu leyti bjartir tímar framundan, sérstaklega þegar til lengri tíma er litið. Steingrímur tengir þetta breyttum heimsviðskiptum með matvæli og nýjungum í orkumálum. Í því sambandi minnst hann á hækkandi verð á korni og matvælum á heimsmarkaði og að mögulega séu aðstæður að snúast við, áður var vandamálið offramleiðsla þannig að verð var lágt. Þetta segir hann að sjálfsögðu verða til þess að bæta stöðu framleiðendanna og um leið hjálpa landbúnaðinum. Steingrímur telur þetta stafa af því að landbúnaðurinn hafi endalaust búið við samiburð á framleiðslukostnaði hér á landi og að menn hafi bent á lægra heimsmarkaðsverð á ýmsum vörum. Afleiðingarnar hafa síðan orðið til þess að þrýsta á innflutning á landbúnaðarvörum, eftir þunga undiröldu frá ákveðnum stöðum, að hans mati.

Bjarni E. Guðleifsson (2008a, 18. mars) segir þekkingu sína á aðstæðum landbúnaðar í dag að mestu snúast um ræktun og ræktunarskilyrði. Veðurfar undanfarin ár hefur verið þokkalegt, ræktunarskilyrði ágæt og lítið um kalskemmdir. Þess má geta að í kafla 2.4. og 2.5. hér að framan var komið inn á vísindastarf og þekkingu Bjarna E. Guðleifssonar, meðal annars um loftslagsbreytingar og ræktunarskilyrði.

Bjarni Bragason (2008, 1. apríl) var nokkuð bjartsýnn fyrir hönd íslensks landbúnaðar þegar hann var spurður um stöðuna í dag. Þrátt fyrir að telja ástandið svolítið tvísýnt líkt og annars staðar í þjóðfélaginu. Hann sagði aðstæður og rekstrarlegar forsendur einstakra búa vissulega skipta máli þegar meta ætti hvernig gengi. Óvissa og ótryggt verðlag væri þó einkennandi fyrir stöðuna sem nauðsynlega þyrfti að ráða fram úr. Hann taldi mikilvægt að huga vel að samgöngumálum og félagslegri stöðu í landbúnaðarsamfélagi. Forsendur þess að samfélag þrífist er góður andi og samgöngur, fjarlægð frá þéttbýli skiptir ekki endilega öllu máli að mati Bjarna Bragasonar. Samvinnu taldi hann bændum mikilvæga, að geta miðlað og deilt þeirri reynslu sem þeir öðluðust. Bjarni Bragason sagði holdanautabændur á Íslandi nýlega hafa stofnað með sér félagsskap og að slík bú væru misstór, allt frá 10-80 gripir á hverju búi. Samtökin fögnuðu þeim merka áfanga nýverið, að ríkið viðurkenndi þennan

búskap sem nautakjötsframleiðsla sagði hann. Með því voru þessir bændur teknir inn í búvörusamninginn sem hann taldi styrkja þessa tegund búskapar mikið og sjálfur hafi hann nýlega fengið sinn fyrsta styrk. Bjarni Bragason segir mikla eftirspurn eftir matvælum í heiminum í dag og framtíðin hljóti því að vera björt fyrir holdanautabændur.

Leifur (2008, 8. apríl) sagði íslenskan landbúnað ekki beinlínis í kreppu um þessar mundir heldur virðist dálítið á brattann að sækja. Það eru þó frekar þeir ungu og skuldsettu sem eiga erfitt, gamalgrónir bændur virðast standa betur, enda er nýliðun erfið. Hann segir líklegt að þetta hafi alltaf verið svona en stundum fari menn einfaldlega of geyst í fjárfestingum. Lífsgæðakapphlaupið er til staðar í landbúnaði alveg eins og í öðrum greinum. Landbúnaðartæki eru dýr og það er viss samkeppni í gangi. Stundum virðist túnið á næsta bæ einfaldlega of grænt til þess að hægt sé að fylgjast aðgerðarlaus með gróandanum. Leifur segir bændur alltaf hafa verið duglega og framsækna. Lítil bú í mjólkurframleiðslu hafa þó varla burði til þess að framleiða þá 200 þúsund lítra fullvirðisrétt, sem séu nauðsynlegir svo reksturinn gangi þokkalega. Í ljósi fámennisins talar Leifur um nauðsyn þess að vinna saman og nýta sameiginlega dýrar vélar, spurning um hagræðingu.

Að mati Laufeyjar (2008, 6. apríl) eru horfur íslensks landbúnaðar góðar, því svo virðist sem nýr og aukinn markaður sé að opnast fyrir íslensk matvæli bæði hér á landi og erlendis. Hún er bjartsýn fyrir hönd landbúnaðarins og lítur björtum augum fram á veginn, sem sést best á að hún og eiginmaður hennar hafa ráðist í að byggja nýtt fjós. Laufey talar þó um hve erfitt sé að fá utanaðkomandi aðstoð barna og unglinga við sauðburð og annað, því þau séu svo upptekin í íþróttum og annarri starfsemi sem oft er ekki auðvelt að bjóða upp á í sveitinni. Eitthvað skemmtilegt í skólanum á sauðburðartímanum, íþróttæfingar og ýmislegt sem ekki má missa af. Rannsakandi hafði samband við Laufeyju í lok apríl til að athuga hvort enginn beygur væri í þeim að standa í stórframkvæmdum á óvissutímum. Hún sagði þau vissulega hafa áhyggjur, efnahagsumhverfið væri allt annað nú en það hefði verið fyrir einu ári. Þá hefðu þau tekið erlend lán til að standa straum af þeim kostnaði sem fylgir fjósbyggingunni, nú hefðu vaxtaskilyrðin breyst. Ýmislegt annað sagði hún bæði hafa breyst og væri óvíst eins og áburðarverðið. Verð á áburði hefur hækkað um 100% á síðasta ári og aftur um 15-20% 1. apríl 2008 sagði hún. Engar vísbendingar eru um hvað áburður muni kosta á næsta ári, sem hún taldi benda til þess að enn meiri hækkanir væru í vændum. Hún nefndi fleiri dæmi að bæði dýrallyf og dýralæknahtar hefðu hækkað nýverið, einnig rúllubaggplast og önnur aðföng. Þrátt fyrir þetta taldi hún mega greina jákvæða þætti eins og þá 14,04% hækkun sem bændur fengu á mjólkurverðið 1. apríl. Hækkunina á mjólkurverðinu sagði hún meiri en sést hefði nokkurn tímann áður í landbúnaði.

Skúli (2008, 1. apríl) telur íslenskan landbúnað standa efnahagslega frammi fyrir miklum breytingum og að innflutningur á kjöti hafi þegar haft mikil áhrif. Hann telur bændur þó búa yfir þeim krafti sem nauðsynlegur er til að takast á við þetta og segist hafa tröllatru á þeim. Þetta segir hann mega sjá á sögunni því íslenskir bændur hafi áður gengið í gegn um ýmsar breytingar og bendir bæði á breytta atvinnuhætti og menningu.

Ingvar (2008, 3. apríl) álitur landbúnaðinn standa efnahagslega vel og að íslenskir neytendur séu meðvitaðir um hollustu framleiðslunnar. Til samanburðar nefnir hann hinn almenna bandaríska neytanda, sem hann telur ekki gera mikið veður út af hormónum og fleiru í þarlandri matvælaframleiðslu. Ingvar er harður á því að íslenskir neytendur horfi á fleira en verðið þegar þeir velja sér mat á diskinn sinn.

Steingrímur (2008, 4. apríl) segist vera tiltölulega bjartsýnn fyrir hönd íslensks landbúnaðar. Ennfremur að bæði vilji hann trúna því og svo trúi hann því líka, að það sé bjartara framundan en verið hafi á árunum frá 1980 og fram undir 2000. Einnig að ástandið í landbúnaðinum geti eiginlega ekki annað en batnað, enda megi það ekki versna því þá leggist byggðir í eyði. Hann segir fólkið í landinu jákvætt í garð landbúnaðarins og að allt sé þetta að þróast í rétta átt. Hann telur almenning tengja landbúnað við strjálbýli á jákvæðan hátt, menningu og arfleifð. Að hans mati hjálpa hlutir eins og áhugi á hestamennsku, ferðalögum, útivist og upprunamerktu framleiðslu.

Í tengslum við þær hræringar sem virðast vera í bígerð, varðandi innflutning á landbúnaðarvörum og niðurfellingu tolla, segist Sigurgeir (2008, 8. apríl) oft hafa bent á það sem átti sér stað á Akureyri þegar Íslendingar gengu í EFTA. Hann segir grundvellingum þá hafa verið kippt undan skóframleiðslu, vegna þess að innfluttir skór áttu að vera svo miklu ódýrari. Það telur Sigurgeir hins vegar ekki hafa gerst heldur hafi þetta leitt til þess að skór séu dýrari hér á landi en annars staðar. Að hans mati bendir þetta til þess að ávinningurinn af niðurfellingu tolla lendi á einhverjum öðrum stöðum en hjá neytandanum. Í framhaldi af þessu talar Sigurgeir um samanburð á landbúnaðarvörum sem gerður hafi verið á milli landa á Evrópubandalags- eða EES-svæðinu. Þá hafi landbúnaðarvörur ekki verið langt frá því að vera 60% yfir meðalverði í Evrópu en aðrar vörur á Íslandi hafi verið það líka. Hann segir laun í Suður-Evrópu vissulega mun lægri en á Íslandi en þar eru líka allar vörur miklu ódýrari. Fólki í þessum löndum er samt að meðaltali mun lengur að vinna fyrir matvælnum en Íslendingar. Þess vegna er spurningin um það hvort landbúnaðarvörur á Íslandi séu dýrar eða ekki svo afstæð.

Leifur (2008, 8. apríl) segir að innan þjóðfélagsins séu ekki allir sammála um beingreiðslur til bænda. Aðspurður um hvað beingreiðslur þýddu sagði hann þær vera greiðslu



úr ríkissjóði til framleiðanda sem ætti greiðslumark. Einnig að þessar greiðslur væru uppfærðar mánaðarlega til samræmis við vísitölu neysluverðs. Hann sagði mjólkurbændur fá vissar greiðslur á mjólkurlítra. Nú er verið að draga eitthvað úr þeim og greiða fremur út á gripi og jafnvel ræktað land, eitthvað sem er tengt EES-samningnum segir Leifur. Einnig að þessar greiðslur hafi verið framleiðslutengdar áður. Leifur segist þó þeirrar skoðunar að beingreiðslur séu ekki endilega hluti af mjólkurverðinu, það megi alveg eins líta á þær sem styrki við neytendur. Til frekari glöggvunar nefnir hann að áður fyrr hafi niðurgreiðslur verið settar fram til þess að lækka verð til neytenda.

Sigurgeir (2008, 8. apríl) segir stöðuna í dag svolítið viðkvæma vegna sífellt meiri tengingar Íslendinga við alþjóðasamninga. Almenn afkoma bænda virðist þó í þokkalegu jafnvægi, sérstaklega í nautgriparékt, þrátt fyrir nokkuð miklar fjárfestingar. Umræðan um niðurfellingu tolla, sem verndað hafa framleiðsluna, er ekki ný af nálinni. Hins vegar er meira rætt um opnun fyrir innflutning á landbúnaðarvörum nú en verið hefur ásamt hugsanlegri inngöngu í Evrópusambandið. Allt þetta gerir það að verkum að fremur erfitt er að átta sig á stöðunni og því hvaða afleiðingar það hafi ef eitthvað af þessu yrði að veruleika að hans mati. Vegna umræðu um beingreiðslur hér á undan sagði Sigurgeir sauðfjorbændur eiga beingreiðslurétt sem væri óháður því hve mikið þeir framleiddu.

Vegna umræðu um innflutning á hráu kjöti var það mat rannsakanda að rétt væri að vísa hér í viðtal við Sigurgeir þar sem rætt var við hann eftir aðalfund Búnaðarsambands Eyjafjarðar í apríl. Í viðtalinu segir Sigurgeir („Virðist vaka fyrir ráðamönnum“, 2008, 29. apríl) mikið hafa verið rætt á fundinum um væntanlegar breytingar á matvælalöggjöfnni og hvaða afleiðingar þær hafi í för með sér, verði innflutningur á fersku kjöti leyfður. Sigurgeir sagði gesti fundarins eðlilega hafa haft áhyggjur af þessari þróun mála, ekki síst hvernig staðið hefði verið að kynningu á þessu gagnvart bændum sjálfum. Hann segir að landbúnaðarráðherra hafi ekki minnst á þetta einu orði á aðalfundi Landssambands kúabænda, þar sem hann mætti deginum áður en hann tilkynnti fyrirætlanir sínar um innflutning á hráu kjöti. Þetta telur Sigurgeir gífurlega niðurlægjandi vinnubrögð gagnvart bændum. Einnig að bændur á fundinum hafi krafist þess að fram færu vísindalegar rannsóknir á því hver smithættan væri við innflutning á hráu kjöti.

#### 4.2. Mikilvægi íslensks landbúnaðar

Ingvar (2008, 3. apríl) er ekki í nokkrum vafa um verðmæti landbúnaðarins og segir þau felast í sjálfstæðinu, hjá öllum þjóðum. Að hans mati hefur það alla tíð verið þannig og ekki breyst

við alþjóðavæðingu og aukin samskipti fólks heimshluta á milli. Þegar kemur að matvælaframleiðslu telur hann hugmyndina um einn heim fyrir alla vera fráleita því þegar þrengi að mun hver verða sjálfum sér næstur. Einnig ef Íslendingar ætli að treysta á matvælaframleiðslu annarra þjóða þá geti þeir eins látið sjálfstæði þjóðarinnar af hendi. Undirstaða verðmæta landbúnaðarins liggja í matvælaframleiðslu fyrir Íslendinga og má skilja af orðum hans að þar með sé fæðuöryggi landsmanna tryggt. Einnig felast mikil verðmæti í að vaka yfir náttúrunni og öðrum landsins gæðum til heilla fyrir komandi kynslóðir. En slíkt heyrir undir íslenska bændur að hans mati. Þetta segir Ingvar felast í sjálfstæði þjóðarinnar, það sé skylda hennar að styðja við þá sem kjósa að stunda landbúnað þannig að sómi sé að. Hann nefnir dæmi um þau efnislegu verðmæti sem landbúnaður leiði af sér í atvinnu og markaðssetningu. Hann telur eitt starf í landbúnaði geta leitt af sér í það minnsta þrjú til fimm önnur við vinnslu matvælna, þjónustu og sölu á þeim og að auki við rannsóknir, eftirlit og þróun. Að hans mati leggur því hvert bú grunninn að afkomu fimm fjölskyldna og að færa megi rök fyrir því að um 20 þúsund einstaklingar geti rakið framfærslu sína til íslensks landbúnaðar.

Þegar Skúli (2008, 1. apríl) er spurður út í verðmæti landbúnaðarins þá segist hann hafa fjallað um þetta í fyrirlestri við Háskólann á Akureyri árið 2005. Þar sagði Skúli (2005, 20. apríl) þessi verðmæti felast í ýmsu, því í landbúnaðinum sameinuðust atvinna, búseta og samfélagslegir þættir. Á sama tíma taldi hann menningarleg, siðferðileg og efnahagsleg gildi stóran hluta af verðmætum landbúnaðarins að ógleymdu verklegu afli. Af þessu má ljóst vera að málefni íslensks landbúnaðar eru Skúla afar hugleikin. Enda segist hann sjá landbúnað fyrir sér sem ákveðið lífsform sem felist í sögulegri tengingu mannsins við náttúruna. Hægt sé að sjá þetta á sérstakri aðlögunarhæfni landbúnaðarins, því landbúnaðurinn hafi yfirleitt leyst þau vandamál sem hann hafi staðið frammi fyrir. Það virðist eitthvert sjálfsendurnýjunareðli í landbúnaðinum, að hans mati, sem menningarlegu fyrirbæri. Af þessum sökum segir Skúli landbúnaðinn skipta gríðarlega miklu máli fyrir land og þjóð.

Það felast heilmikil verðmæti í því að framleiða holla og góða matvöru að mati Laufeyjar (2008, 6. apríl) og það sé eitt af helstu verðmætum íslensks landbúnaðar. Ennfremur hefur það mikið gildi að halda öllu landinu í byggð og viðhalda þannig þeirri menningu og samfélagsgildum sem ríkt hafa með þjóðinni í gegnum aldirnar. Hún telur alla tíð hafa falist mikið menningar- og samfélagslegt gildi í íslenskum landbúnaði, þetta megi m.a. sjá á sögu þjóðarinnar. Nauðsynlegt er því að standa vörð um starfshætti landbúnaðarins, líkt og gert hafi verið til þessa að hennar mati. Þetta segir hún ekki síst nauðsynlegt vegna þess félagsanda og þeirrar menningar sem ríkjandi sé á landsbyggðinni. Að mati Laufeyjar

þurfa stjórnvöld að sjá til þess að málefni landbúnaðarins þróist með þeim hætti að fæðuöryggi sé til staðar. Það þarf að standa þannig að þessum málum að allir eigi þess kost að verða sér úti um fæðu, óháð efnahag segir hún. Laufey segir náttúru landsins dýrmæta og að það skipti máli hvernig úr þeim gæðum sé spilað. Hún segir mikilvægt að nýta gæði landsins til matvælaframleiðslu en þó á þann hátt að ekki verði gengið á kosti þess og þeim spillt.

Um verðmæti landbúnaðarins nefnir Leifur (2008, 8. apríl) það „frjálsræði“ eða það sjálfstæði sem felist í því að vinna með sitt eigið og svo nálægðina við náttúruna. Hann telur það mikil forréttindi að hafa þessi nánu tengsl við náttúruna, þar sé alltaf hægt að næla sér í innblástur og þrótt. Þetta hafi líklega alla tíð einkennt bændur og nefnir í því sambandi landnámsmanninn Þórð snepil. Þórður (Benjamín Kristjánsson, 1970, bls. 23-24) helgaði sér land í Fnjóskadal og settist að í Lundi, þar blótaði hann skógarlundinn að heiðnum sið. Þórður þótti einstaklega næmur á tengslin sem myndast geta milli manns og náttúru, eins og sjá má á örnefnum sem talið er að megi rekja til hans. Þar má nefna Skjálfandafljót, Skuggabjörg og Ljósavatn, allt áferðarfögur örnefni og ágæt dæmi um þessi tengsl.

Sem mikilvæg verðmæti í landbúnaðarsamfélagi vill Leifur (2008, 8. apríl) nefna þá félags- og menningarstarfsemi sem fram fari í sveitum landsins. Slíka starfsemi telur hann farsælast að tengja hverri byggð því þá höfði hún til heimamanna. Þannig er að hans mati mögulegt að varðveita söguna, líkt og gert hafi verið í landbúnaðarsamfélögum í gegn um tíðina. Leifur segir ágæt dæmi um þetta vera leikritin Kvennaskólaævintýrið og Káinn, hvort tveggja frumsamin leikrit og tengjast hans heimaslóðum.

Sigurgeir (2008, 8. apríl) segir það ákveðin verðmæti að eiga kost á að búa utan þéttbýlisins enda sækji sífellt fleiri í það. Ennfremur að taka þátt í að framleiða matvæli og geta þannig fullnægt einni af grunnþörfum mannsins. Hvað varðar efnislega þætti þá er það góð tilfinning að eiga land að hans mati. Í það minnsta virðast auðmenn sækjast í það þó þeir viti jafnvel ekkert hvað þeir ætla að gera við það segir hann. Sigurgeir vill þó stoppa sem styst við þetta efnislega og tengir landbúnaðinn sögu þjóðarinnar, grunninum að þessu öllu saman. Sigurgeir telur fólk sækja í að búa í samfélagi við aðra en síður þar sem byggð er í eyði. Að hans mati skiptir líka máli að sveitirnar séu snyrtilegar, það sé ákveðin skylda landeigenda að sjá til þess, vilji þeir að þjóðin standi þeim að baki. Innan ferðapjónustu segir hann vannýttan þátt að tengja hana sögulegum stöðum, slíkt mætti efla og gera menningartengdara.

Bjarni E. Guðleifsson (2008a, 18. mars) álitur tengslin milli landbúnaðar og náttúru alltaf verða sterk og mikilvægt fyrir bóndann að bera virðingu fyrir náttúrunni. Það sé þó ekki síður brýnt fyrir þéttbýlisbúa að rækta þessi tengsl og bændur ættu að stuðla að því að svo verði. Hann segir það í raun og veru nauðsynlegt að koma þessari hugsun inn í skólakerfið og

á þar ekki síst við verndun náttúrunnar. Náttúruverndarmálin eru Bjarna E. Guðleifssyni hugleikin og hann vill stuðla að því að börn læri að elska landið og náttúruna svo þau geti umgengist þessar gersemar af virðingu. Að hans mati gætu bændur aðstoðað við þetta með því að kynna menningu sveitanna.

Bjarni Bragason (2008, 1. apríl) segir umræðuna um fæðuöryggi vera orð í tíma töluð þar sem matvæli séu að verða af skornum skammti í heiminum. Hann tekur einnig fram að nýir markaðir séu að myndast t.d. í Kína og Indlandi, þar sem efnahagurinn virðist vera að eflast. Þessar þjóðir eru jafnvel að éta Evrópubúa út á gaddinn og kaupa öll matvæli sem þau komast í. Ráðamenn ættu að vera vel vakandi yfir þessu segir Bjarni Bragason.

Bjarni E. Guðleifsson (2008a, 18. mars). telur mikilvægt að huga að fæðuöryggi, sér í lagi með tilliti til framtíðarinnar. Miðað við bætta aðstöðu landbúnaðarins í framtíðinni, eykst fæðuöryggið og við verðum meira sjálfbjarga segir hann. Að hans mati er það líka svo umhverfislega skynsamlegt að rækta sem mest sjálf, í stað þess að flytja vörur heimshorna á milli og menga þannig náttúruna með flutningum.

Steingrímur (2008, 4. apríl) minnst á alheimssumræðu um fæðuöryggi og að íslenskur landbúnaður hafi ekki notið góðs af þeirri umræðu til þessa. En það geti breyst eftir að sú umræða var tekin upp á síðasta Búnaðarþingi. Steingrímur segist sannfærður um að á næstu árum og áratugum verði mikil umræða um aðgang landbúnaðarins að landi og spurning hvort ætti ekki að setja reglur til að tryggja stöðu hans að þessu leyti og um leið fæðuöryggi okkar.

Steingrími (2008, 4. apríl) er tíðrætt um mikilvægi landbúnaðar fyrir okkur Íslendinga og vísar til þess hvernig Danir standi vörð um sinn landbúnað. Að hans mati er danskur landbúnaður afar öflugur og ein af undirstöðuáttvinnugreinum í þeirra þjóðarbúskap. Hér á árum áður byggðu Danir útflutningstekjur sínar að stórum hluta á landbúnaði segir Steingrímur. Landbúnaðurinn var þeim því svipað verðmæti og sjávarútvegurinn Íslendingum. Þess vegna leggja Danir mikla áherslu á að tryggja réttindi og undirstöður landbúnaðarins, alveg eins og Íslendingar gerðu þegar þeir færðu út landhelgina.

Steingrímur (2008, 4. apríl) efast ekki um að íslenskur landbúnaður sé hluti af þjóðarsálinni. Hann talar um ásýnd landsins, sögu og menningu, allt sé þetta nátengt og megi sjá þetta bæði á bókmenntum og tungumáli. Hann nefnir sérstöðu náttúrunnar og tengingu landbúnaðarins við hana. Einnig að það þurfi að koma því betur á framfæri að bændur séu í raun og veru gæslumenn náttúrunnar, þeir séu hæfastir til þess. Hann segir bændur vissulega víða koma að uppbyggingu náttúru- og umhverfismálum, enda eigi þeir að gera það alveg eins og veiðimenn ættu að vera umhverfisverndarsinnar. Steingrímur segir eina merkilegustu uppreisn í umhverfismálum Íslandssögunnar hafa verið Laxárdeiluna, þegar bændur í

Þingeyjarsýslum risu upp til varnar Laxá og Mývatni. Svipaða hluti segir hann vera að gerast á bökkum Þjórsár, þar eru margir bændur afar ósáttir við að drekkja eigi heilu og hálfu bújörðunum fyrir virkjunarlón á láglandi Suðurlands. Steingrímur segist þeirrar skoðunar að landbúnaður, náttúruvernd og umhverfismál séu að fléttast meira saman og muni gera það enn meira á komandi árum.

### 4.3. Sjálfsmynd, ímynd og kringumstæður

Bjarni E. Guðleifsson (2008a, 18. mars) segist hafa velt þessum málum dálítið fyrir sér þegar hann, í starfi sínu, ferðaðist á meðal bænda um 1970. Að hans mati var sjálfsmynd íslenskra bænda ágæt, á þeim tíma, og bændamenningin bæði áhugaverð og skemmtileg. Hann telur sig hins vegar varla vera í nægum tengslum við bændur í dag til þess að geta tjáð sig um sjálfsmynd þeirra. Hann segist þó hafa þá tilfinningu að ekki líði öllum nógu vel og byggir það á fækkun býla og færra fólki á hverjum bæ. Þetta leiðir af sér aukið vinnuálag bændur verða rígbundnir og komast lítið sem ekkert frá, til dæmis þeir sem eru í mjólkurframleiðslu. Bjarni E. Guðleifsson tekur sem dæmi að á Möðruvöllum sé alltaf annað slagið reynt að halda úti einhverjum menningarviðburðum og fræðslu en það komi fáir bændur, nánast eingöngu fólk frá Akureyri.

Bjarni Bragason (2008, 1. apríl) segir þekkingu á sveitastörfum e.t.v. ekki svo mikla í þéttbýli, en að það gæti skipt máli fyrir ímynd landbúnaðarins að kynna starfsemina vel innan skólanna fyrir stálpuðum krökkum. Hann taldi það liðna tíð að börn kynntust sveitastörfum með því að vera send í sveit, enda orðið stórmál að taka börn til sumardvalar. Bjarni Bragason sagði ákveðna starfsstétt sinna þessu, þar sem ákveðin skilyrði væru sett sem erfitt gæti verið að uppfylla.

Um sjálfsmynd bænda segir Leifur (2008, 8. apríl) að þeir standi ekki illa nú, heldur standi þeir alveg uppréttir. Hann heldur áfram og hefur það eftir ónefndum aðila að á tímabili hafi bændur þó helst gengið um með höfuðið undir holhendinni. Leifur ræðir mikilvægi jákvæðrar fjölmiðlaumræðu fyrir bændur og segir miklu máli skipta hverjir séu málsvarar þeirra í fjölmiðlum. Mönnum gengur misvel að koma efninu frá sér þannig að það virki að hans mati. Leifur er þeirrar skoðunar að Guðni Ágústsson hafi átt stóran þátt í að rétta ímynd bænda við. Hann nefnir einnig fréttamanninn Gísla Einarsson á RÚV sem fjallaði á sanngjarnan hátt um málefni bænda í aðdraganda mikilla hækkana. Með þessu hafi viss sátt komist á í þjóðfélaginu um þær. Þrátt fyrir þetta þurfa bændur sjálfir að standa í lappirnar því það geri engir aðrir fyrir þá segir Leifur. Hann telur einnig nauðsynlegt, fyrir sjálfsmyndina

og ímynd sveitanna, að það sé hreint og fint í kringum bæina. Það sé ekkert einkamál hvernig þar er umhorfs, bændur verði að hafa fint. Leifur minnst á grein eftir Böðvar Guðmundsson sem birtist í Degi á Akureyri. „Landníðingur skógniðingur“ var fyrirsögnin og lýsingar á slakri umgengni til sveita ekki sparaðar, þá voru bændur sárir sagði Leifur. Þessi skrif taldi hann hafa snert sjálfsmyndina. Ungt fólk í landbúnaði er þó hvergi smeykt og sjálfsmynd bænda almennt nokkuð sterk í dag að mati Leifs. Laufey er á sama máli og segist hafa þá tilfinningu að sjálfsmynd bænda fari sífellt batnandi og það ríki almenn sátt um landbúnaðinn í þjóðfélaginu.

Steingrímur (2008, 4. apríl) álitur að sjálfsmynd bænda geti verið afar breytileg. Yngra fólk, sem ákveður að setjast að í sveitunum, hefur áreiðanlega nokkuð sterka sjálfsmynd. Hann segist ekki eins sannfærður um sjálfsmynd margra eldri bænda sem oft hafi á vissan hátt setið fastir í búskap. Bændur sem tekið hafi við búskap án þess að taka um það sjálfstæða ákvörðun, eða átt þess kost að fara í nám, eru líklega ekki alltaf með mjög sterka sjálfsmynd. Hann minnst einnig á að bændum hafi leiðst neikvæð umræða um landbúnaðinn. Að þeir væru „...*baggi á þjóðlífinu...*“ og nefnir til frekari áherslu þessa hendingu úr texta eftir Hjörleif Hjartarson frá Tjörn í Svarfaðardal. Hann telur sjálfstraust landbúnaðarins þó líklega hafa farið lengst niður á árabílinu 1980-2000, en hyggur að slíkt sé að baki nú.

Textinn sem Steingrímur vísar í hér að framan vakti forvitni sem leiddi til þess að reynt var að hafa upp á textanum. Í framhaldi af því hafði rannsakandi samband við höfundinn, Hjörleif Hjartarson, sem sendi textann um hæl. Hjörleifur (2008, 22. apríl) sagðist hafa ort þennan texta þegar hann var á bændaskólanum á Hvanneyri veturinn 1980-81 og fer hann hér á eftir:

#### **Bindivélablús**

Heybindivélin hjakkar  
og heyinu treður í sekkinn.  
Traktorinn Torfa á Bakka  
tryllir á hundrað um flekkinn.

Snögglega helvítið hoppar  
í holu og sparar ei kraftinn.  
Bóndinn í skelfingu skoppar  
á ská oní maskínukjaftinn.

Þar stynur hann, allur undinn,  
innan úr gangverkinu:  
„Ég er við búskapinn bundinn  
og baggi á þjóðlífinu.“

(Hjörleifur Hjartarson, 2008, tölvupóstur til rannsakanda 22. apríl).

Skúli (2008, 1. apríl) telur bændur standa traustum fótum og sjálfsmyndina mun sterkari en margir halda. Hann segir einhvern sérstakan drifkraft leynast innan bændastéttarinnar, þannig að hún eigi auðvelt með að takast á við þá erfiðleika sem að henni steðji. Hins vegar telur hann að umræðan og ímyndin hafi verið neikvæð, í augum þeirra sem ekki tilheyrðu landsbyggðinni, á síðustu þremur áratugum 20. aldarinnar. Skúli segir menn hafa viljað ganga úr skugga um að þetta væri staðreynd og gera á því rannsóknir. Í framhaldinu hafi einhverjir félagsfræðingar mætt fram í afdali og byrjað að rannsaka, en komist að því að það væri bara allt í finasta lagi með þetta fólk. Sjálfsmyndin góð og allir meira og minna jákvæðir og ánægðir með sig, þveröfugt við það sem fræðingarnir höfðu gert sér hugmyndir um fyrirfram. Skúli segir þetta sýna að sjálfsmyndin og hæfni landsbyggðarfólks til þess að gera góða hluti sé sannarlega fyrir hendi og það eigi að sýna því virðingu.

Bjarni Bragason (2008, 1. apríl) taldi sjálfsmynd bænda geta verið á ýmsa vegu og svolítið misjafnt hvað menn væru brattir. Það voru ekki allir of sælir með sig á tímabili að hans mati. Þetta telur hann hafa breyst þegar Guðni Ágústsson var landbúnaðarráðherra. Guðni hafi þá náð að hrista svolítið upp í þessum málum. Bjarni Bragason sagði að upp úr þessu hafi það ekki þótt annað en flott að vera bóndi og landeigandi. Þessari hugmynd kom Guðni inn hjá bændum og þeir urðu bisperrtir með sig sagði hann.

Ingvar (2008, 3. apríl) segist vera í nokkuð nánnum tengslum við bændur sem héraðsráðunautur og telur sjálfsmynd bænda mjög sterka. Þeir hafi fulla trú á framleiðslunni og því hlutverki sem þeir gegni sem eftirlitsmenn lands og náttúru. Hann segir þó ómálefnalega umræðu innan þjóðfélagsins um landbúnaðarframleiðslu afar truflandi fyrir bændur. Dæmi um það er umræða um hátt matvælaverð, sem hann segir ekki réttmæta, því matvælaverð bæði á Íslandi og í heiminum sé ekki hátt. Þess má geta að viðtalið var tekið rétt fyrir fréttir af miklum verðhækkunum á heimsmarkaði.

Lágt heimsmarkaðsverð á matvælum byggir á því að núverandi framleiðslukerfi gengur á auðlindir jarðar og tekur ekki tillit til sjálfbærni og þarfa komandi kynslóða. Þetta ásamt truflandi aðgerðum ríkisstjórna sem styðja við útflutning á landbúnaðarafurðum veldur því að umræðan ruglast og fólk fer að ímynda sér að til sé heimsmarkaður með ódýrar vörur og með því að leyfa innflutning á þeim geti það stór bætt afkomu fjölskyldna sinna. Þetta er stór misskilningur! (Ingvar Björnsson, 2008, tölvupóstur til rannsakanda 3. apríl).

Ingvar (2008, 3. apríl) heldur áfram og segir ekki óbrigðult að reiða sig á verslun með matvæli á heimsmarkaði. Verðið eigi það til að sveiflast mjög mikið og engin vissa fyrir nægjanlegu framboði á óvissutímum. Ennfremur erfitt að fylgjast bæði náið með heilbrigði

innfluttrar matvöru og hvort framleiðsluferlið sé í takt við það sem íslenskir neytendur sætti sig við segir hann. Rétt er að taka fram að litlar líkur eru á að matvæli muni lækka á næstunni, samkvæmt fréttum af heimsmarkaðsverði í lok apríl 2008. Þær upplýsingar komu fram eftir að Ingvar sendi fyrrgreindar hugleiðingar frá sér.

Að mati Sigurgeirs (2008, 8. apríl) er sjálfsmynd bænda alveg þokkaleg, sérstaklega í mjólkur- og nautakjötsframleiðslu. Hann telur viðhorfið í garð bænda jákvætt og að þjóðin standi með atvinnugreininni. Sigurgeir segist aldrei hafa orðið boginn yfir að þurfa að takast á við gagnrýni á landbúnaðinn, það þurfa allir að gera burtséð frá því hvaða atvinnugrein maður tilheyrir. Hann segir sauðfjárændur ekki standa jafnfætis öðrum innan landbúnaðarins og að slíkt geti verið erfitt fyrir sjálfsmyndina. Sigurgeir var spurður að því hvað hann ætti við með að þeir stæðu ekki jafnfætis öðrum bændum. Hann sagði ljóst að fá sauðfjárþú á landinu skiluðu þeim tekjum sem venjulegar fjölskyldur á Íslandi sættu sig við. Yfirleitt þyrftu sauðfjárændur að stunda aðra vinnu, samhliða fjárþúskapnum, til þess að hafa í sig og á. Hins vegar hefðu ekki allir sauðfjárændur kost á þessu, sérstaklega ef búin væru þannig staðsett landfræðilega að þau væru langt frá þéttbýli eða atvinnutækifærum yfirleitt. Sigurgeir sagði það þó ekki vefjast fyrir neinum að íslenskar sauðfjárafurðir væru góðar og af þeim væru sauðfjárændur stoltir með réttu.

#### 4.4. Framtíðarhorfur í landbúnaði

Þegar Bjarni Guðleifsson (2008a, 18. mars) er spurður út í framtíðarhorfur íslensks landbúnaðar, vísar hann í greinar sem hann skrifaði um loftslagsbreytingar í *Frey* (Bjarni E. Guðleifsson, 2005a og 2005b), fagtímarit um landbúnað. Einnig í fyrirlestur sem hann hélt í málstofu vísindamanna um Ísland og norðurslóðir sama ár, þar fjallaði hann um svipuð málefni. Að mati Bjarna E. Guðleifssonar hefur ekkert nýtt komið fram sem breytir því sem þar kom fram. Til frekari áherslu segist hann hafa byggt rannsóknina á upplýsingum frá ACIA (Arctic Climate Impact Assessment) og að þær upplýsingar standi enn fyrir sínu. Einnig, með tilliti til áðurnefndrar rannsóknar, blómstri landbúnaðurinn að flestu leyti í framtíðinni. Þetta sjáist fyrst og fremst á að uppskera eykst og kal í tünnum hverfur segir Bjarni E. Guðleifsson. Síðan er líklegt að hér á landi verði ræktanlegar einhverjar nýjar nytjajurtir, bæði grænmeti og korn. Skógrækt mun að öllum líkindum ná sér enn betur á strik og sjálfsagt, í ljósi áðurnefndra rannsókna, að íhuga vandlega hvaða tegundir eru gróðursettar í dag, vegna langs líftíma þeirra. Það verður þó að gera ráð fyrir að loftslagsbreytingum fylgi einhverjir neikvæðir þættir sem ekki eru fyrir séðir að mati Bjarna E. Guðleifssonar.



Varðandi framtíðarhorfurnar segir Sigurgeir (2008, 8. apríl) vissulega auðvelt að flytja inn ódýrar landbúnaðarvörur. En með því væri líka hægt að vinna mikinn skaða og drepa niður alla landbúnaðarframleiðslu á Íslandi. Sigurgeir tók sem dæmi að svínakjötsframleiðendur myndu ekki lifa það af ef tollar á innflutningi yrðu lagðir niður. Þetta gæti síðan haft keðjuverkandi áhrif, því þriðjungurinn af slátruninni hjá Norðlenska hf. væri bundinn við svín og ef slátrun þeirra dytti út félli þriðjungur af veltu fyrirtækisins niður. Auðvelt væri að gera sér framhaldið í hugarlund, fyrirtækið hefði líklega um tvo kosti að velja, að stórhækka sláturkostnað eða leggja starfsemina niður. Þannig að ef horft væri framhjá stjórnvaldsaðgerðum í líkingu við þær sem hér var lýst, ætti íslenskur landbúnaðurinn að hafa mjög góða framtíðarmöguleika að mati Sigurgeirs.

Leifur (2008, 8. apríl) hefur áhyggjur af innflutningi á hráu kjöti til landsins og bendir á það sem framkvæmdastjóri matvælafyrirtækisins Norðlenska, Sigmundur Ófeigsson, hafi sagt um málið. Í kvöldfréttatíma Sjónvarpsins sagði Sigmundur (2008, 7. apríl, RÚV) að sem innflytjendur legðu verslunareigendur trúlega meiri áherslu á að selja það kjöt sem þeir flyttu inn sjálfir, fremur en það sem þeir keyptu af íslenskum framleiðendum. Þetta þýði verri afkomu bænda og að hann liti á þetta sem árás á atvinnugreinina í heild, bæði landbúnað og kjötvinnslu. Hann taldi landbúnaðinn búa við heilmikla samkeppni nú þegar og þetta myndi auka hana enn frekar. Sigmundur sagði að hér væri næg kjötframleiðsla fyrir og það væri ljóst að Íslendingar myndu ekki bæta aukakjötmáltíð við neysluna.

Sigurgeir (2008, 8. apríl) veltir norðlægru legu landsins fyrir sér þegar hann metur framtíðarhorfur landbúnaðarins. Að hans mati skiptir fjarlæg frá miðbaug miklu máli, í hvora áttina sem um er að ræða, hvað varðar hreinleika framleiddra matvæla. Hann álitur framleiðsluna, þegar á heildina sé litið, hreinni eftir því sem framleiðslusvæðin séu kaldari. Við slíkar aðstæður þurfi minna af lyfjum og eitri til þess að verjast illgresi og annarri óværu, sem annars þrifist ef loftslag væri heitara. Hann segir auðvelt að gera sér þetta í hugarlund með því að bera saman aðstæður utan og innan við ísskáp.

Leifur (2008, 8. apríl) vísar til ómengaðrar náttúru landsins þegar hann veltir fyrir sér framtíðarhorfum íslensks landbúnaðar og telur þær að mörgu leyti góðar. Hann hefur þó vissar áhyggjur af fækkun hefðbundinna landbúnaðarjarða, enda verð þeirra hátt. Í hefðbundnum búskap fer nýliðun oftast þannig fram að börn taka við af foreldrum sínum, sérstaklega í mjólkurframleiðslunni, þar sem verð á mjólkurkvóta ræður að stórum hluta verðgildi búanna. Þessar aðstæður gera ungu fólki sem ekki erfa, en gjarnan vilja hefja búskap byggðan á mjólkurframleiðslu, erfitt fyrir. Þess vegna verður nýliðun lítil í þessari tegund landbúnaðar. Þegar Leifur íhugar framtíð heimabyggðarinnar, segir hann jarðir í Eyjafirði

fremur litlar en búin stækka. Þá er oftast nauðsynlegt fyrir búandi bændur að verða sér úti um aukatún og leigja þau af bændum sem hætt hafa búskap. Leifur segir ræturnar til heimahaganna sterkar, þess vegna velji margir bændur að búa áfram á jörðunum sínum. Þessa bændur segir hann jafnvel velja að vera með einhvers konar frístundabúskap, sem vissulega sé hollt og gott fyrir geðheilsuna.

Steingrímur (2008, 4. apríl) segir byggð líklega þróast þannig að landbúnaður færist á jaðarsvæði, lengra frá þéttbýli. Að hans mati verður landbúnaðurinn ekki samkeppnisfær um jarðnæði næst þéttbýli. Þetta er ekki æskilega þróun, því til að mynda sé hagkvæmast að hafa mjólkurframleiðslu nálægt þéttbýli. Steingrímur segir erfitt að sjá á eftir blómlegum bújörðum við þéttbýli leggjast í eyði eða réttinn seldan. Með þessu móti á fólk þó oft auðveldara með að sækja sér vinnu, afleiðingarnar verði því bæði jákvæðar og neikvæðar. Steingrímur telur síður þörf fyrir búsetulög í byggðalegu tilliti ef þróunin verður á þessa leið. Einnig má hugleiða hverju hægt sé að stýra og hvað þurfi einfaldlega að fá að þróast af sjálfu sér.

Huga þarf vandlega að sérstöðu landbúnaðarins að mati Skúla (2008, 1. apríl), sérstöðu ræktunar, náttúru og framleiðslueininga. Þetta feli í sér enn meiri áherslu á gæði og markaðssetningu. Hann segist vera ákafur talsmaður heimavinnslu og fullvinnslu matvæla í sveitum og ræðir um matvælamarkaði í því sambandi. Það telur hann síðan mega tengja ferðaþjónustu og segir mikla framtíð felast í þessu. Hann segir þetta þó byggjast á mikilli verkþekkingu og ræðir mjólkur- og ostavinnslu í Dölunum í því sambandi og að efla þurfi menntun og rannsóknir í íslenskum landbúnaði. Skúli segist þeirrar skoðunar að leggja þurfi rækt við allar auðlindir innan landbúnaðarins á markvissan og ábyrgan hátt. Þetta á að vera í höndum stjórnvalda, mennta- og rannsóknarstofnana og bændanna sjálfra. Nú þegar þarf að gæta að þessu og ef það er ekki gert, þá einfaldlega missum við af lestinni segir Skúli.

Ingvar (2008, 3. apríl) segir nauðsynlegt að auka þekkingu almennings á landbúnaði, því það sé ekki sjálfgefið að geta selt afurðirnar. Efla mætti þekkinguna með því að opna og auka aðgengi bæjarbúa að framleiðslunni með einhverjum hætti. Með því væri hægt að gera hana sýnilegri, styrkja ímynd landbúnaðarins og auka traust neytenda. Þetta ætti að leiða til þess að Íslendingar veldu íslenskar landbúnaðarafurðir fremur en aðrar vörur að mati Ingvars.

#### **4.5. Áhrif loftslagsbreytinga: Tækifæri og vandamál í ljósi þeirra**

Steingrímur (2008, 4. apríl) segir annars vegar líklegt að loftslagsbreytingar þýði hlýnun og minni úrkomu á ákveðnum svæðum í heiminum, sem geti haft versnandi afkomu í för með sér á þeim svæðum og það sé vissulega mjög alvarlegt. Hins vegar gæti hlýnun á norðurslóðum, í

Það minnsta tímabundið, þýtt aukna afkastagetu lands og þar með meiri framleiðslu. Hann tekur fram að loftslagsbreytingar gætu þó birst í óreglulegu veðurfari með tilheyrandi vandræðum. Steingrímur sækir í sinn fræðilega bakgrunn og segir íslenskan jarðveg afar viðkvæman fyrir þurrkum. Hann segir berggrunninn gljúpan og þess vegna leki vatn auðveldlega niður. Þetta segir hann þó ekki vel þekkt í landbúnaði af öðru en ofþornun túna stöku sinnum. Hins vegar gætu afleiðingar ofþurrka landsins í heild orðið skelfilegar að mati Steingríms. Þrátt fyrir þetta segir hann nauðsynlegt standa vörð um landbúnaðinn og eiga hann að. Landið og jarðvegurinn sé sannarlega gersemi sem gæti jafnvel, innan einhverra áratuga, aftur orðið ein mesta auðlind á Íslandi. Steingrímur segir hins vegar ekki víst að Íslendingar standi einir að slíkri auðlind, því fari sem horfir þá komi til stórfelldra fólksflutninga og þá þurfi Íslendingar að taka á móti nauðstöddu fólki líkt og aðrar þjóðir jarðarinnar. Hann segir einnig að ekki megi gleyma vatninu, þeirri auðlind sem við eigum gnægð af og er í raun undirstaða alls, ekki síst í landbúnaði.

Laufey (2008, 6. apríl) var spurð hvað hún teldi skipta mestu máli svo bændur næðu að nýta sér breyttar veðurfarslegar aðstæður sér til hagsbóta. Hún svarar því til, að vissulega skipti það öllu máli, fyrir framtíð íslensks landbúnaðar, hvernig stjórnvöld standi að málefnum bænda og þar með landbúnaðarins. Hún nefnir sem dæmi að ef allur innflutningur verði gefinn frjáls þá geti það orðið til þess að draga úr jákvæðum áhrifum loftslagsbreytinganna. Þetta segir hún meðal annars felast í legu landsins, því framleiðslukostnaður búvara á Íslandi geti aldrei orðið sambærilegur og í Evrópu vegna fjarlægðar frá markaði. Hún segir mikilvægt að stjórnámamenn stuðli að því að framleiðsla íslenskra landbúnaðarafurða fái að þróast í takt við þau tækifæri sem jákvæðar loftslagsbreytingar kunni að hafa í för með sér. Laufey segist þeirrar skoðunar að miðað við þann farveg sem íslenskur landbúnaður er í, þá ættu bændur að geta snúið tækifærum framtíðarinnar sér í hag. Til þess að svo mætti verða þyrftu yfirvöld og bændur að vera samstíga í að nýta landsins gæði til matvælaframleiðslu, til heilla fyrir alla landsmenn.

Ingvar (2008, 3. apríl) telur erfitt að spá fyrir um efnahagsleg áhrif loftslagsbreytinga þar sem ekki sé vitað með vissu hvað gerist. Þó ákveðinni hlýnun sé spáð þá geti veðurfar verið óútreiknanlegt í framtíðinni, alveg eins og það hefur alltaf verið. Hann taldi þó að ef jákvæðar veðurfarslegar breytingar yrðu að veruleika þá ætti það að styrkja byggð. Dálítill vakning væri í heimavinnslu afurða og í því fælust miklir möguleikar sem gætu aukist með hlýnandi veðurfari. Ingvar taldi hlýnunina líklega verða til þess að hér á landi yrðu nýjar tegundir ræktanlegar sem myndu leiða til nýrra tækifæra. Í því sambandi nefndi hann maís, hveiti og ýmis fóðurgrös sem ekki hefðu áður verið ræktanleg á Íslandi. Einnig myndu

aðstæður til kornræktar glæðast ef sumarhiti hækkaði en við hækkandi vetrarhita yrðu nýjar grastegundir sem þola kal illa ræktanlegar hér. Hann sagði enn fremur að beitiland yrði afkastameira sem gæti leitt til meiri sáttar um nýtingu þess.

Leifur (2008, 8. apríl) býst við að kornrækt eigi eftir að aukast enn frekar á Íslandi. Þrátt fyrir það hefur hann ekki trú á því að Íslendingar verði sjálfum sér nægir um korn, hvorki til manneldis eða sem dýrafóður. Ýmislegt geti spilað þar inn í, kornrækt sé viðkvæm fyrir veðrabreytingum og loftslagsbreytingar feli ýmislegt annað í sér en hlýnandi veðurfar. Hann er þess vegna svolítið uggandi yfir framtíðinni með tilliti til veðurfarsspár. Leifur segir samt mikla vakningu í kornrækt í Eyjafirði og afraksturinn jafnvel að nálgast uppskeru í Noregi. Það er hagkvæmt að rækta korn á Íslandi, að hans mati, þó uppskeran geti verið mismikil á milli landshluta og að jafnaði mun meiri á Norðurlandi en Suðurlandi.

Fyrirséðar loftslagsbreytingar telur Bjarni Bragason (2008, 1. apríl) tvímælalaust eiga eftir að koma landbúnaðinum til góða, sérstaklega í kornrækt. Hann segist rækta allt sitt korn sjálfur og fái góða uppskeru, jafnvel sambærilega við það sem gerist í Hollandi og Þýskalandi.

#### **4.6. Nýliðun, nýsköpun og þróun í íslenskum landbúnaði**

Viðmælendur veltu því fyrir sér hvort atvinnugreinin væri áhugaverð, hvort það væri auðvelt að gerast bóndi og hvort um fækkun væri að ræða innan stéttarinnar. Enn fremur hvort nýliðun og nýsköpun væri til staðar í íslenskum landbúnaði. Í þessu sambandi virðist ekki fráleitt að skoða nýstárlega búskaparhætti Bjarna Bragasonar.

Búskapur Bjarna Bragasonar (2008, 1. apríl) byggist að stórum hluta á holdanautarækt. Kýrnar ganga úti allt árið, loðnar og hraustar, en geta stungið sér inn í hús ef þær vilja. Það gera þær þó ekki nema í allra verstu veðrum. Eins og áður hefur komið fram bera þær allar á sama tíma, að meðaltali einum kálfi, sem gengur undir þeim fram í janúar-febrúar. Kálfarnir eru svo aldir upp í sláturstærð sem tekur um tvö ár. Hey er uppistaðan í fæðu nautgripanna en korn gefið til viðbótar segir Bjarni Bragason. Kálfarnir fá korn fyrstu mánuðina eftir mjólkurskeiðið, u.þ.b. 6-10 mánaða, og aftur svolítið frá 18-24ra mánaða eða þar til þeim er slátrað. Hann segir þetta mikla vinnu, sauðburður í maí og kýrnar bera í júní. Bjarni Bragason segir allt fóður heimaefnið, heyjað í rúllur og kornvinnsla. Engin fóðurblanda er gefin og aðkeypt fóður er nánast eingöngu fyrir fjárbúskapinn til að mæta steinefnaþörfinni. Það má því segja að holdanautaræktin sé sjálfbær og gæti verið alveg lífræn að hans mati, ef ekki þyrfti að bera tilbúin áburð á túnin. Bjarni Bragason segist aldrei hafa þurft að sprauta lyfi í gripina sína og kálfarnir fæðist úti í náttúrunni, standi á fætur og fari

beint á spenann. Þessum kúm henti vel að mjólka fyrir einn kálf. Þær verði eldgamlar á meðan íslenska kúakynið sé ræktað til að mjólka miklu meira, eiginlega séu þær þíndar upp í mjög háa nyt segir hann. Það er þess vegna ekki ólíklegt að holdanautakýrnar hans Bjarna Bragasonar séu hraustar, því þær mjólka samkvæmt því sem kálfurinn þarfnast og fá að ganga frjálsar. Bjarni Bragason segir að holdanautabændur séu í raun frumkvöðlar á þessu sviði sem verði til þess að ekki sé auðvelt að leita ráða hjá einhverjum með reynslu.

Skúli (2008, 1. apríl) segist ekki sannfærður um að það sé flótti úr bændastéttinni, það gæti þó verið einhver fækkun. Hann bendir á að til þess að fólk komi til baka í landbúnaðinn þurfi að styðja við bakið á atvinnugreininni þannig að hægt sé að lifa þar góðu lífi. Þetta sé mögulegt með nýsköpunarvilja svo búskapurinn nái að þróast, að stuðla að nýjum tækifærum. Í fyrirlestri við Háskólann á Akureyri fjallaði Skúli (2005, 20. apríl) um það hve víðtæk og yfirgripsmikil atvinnugreinin væri að öllum verðmætum meðtöldum. Hann benti einnig á mikilvægi sköpunar og þekkingar þegar huga ætti að nýsköpun.

Laufey (2008, 6. apríl) segist ekki geta séð að það sé beinlínis flótti úr bændastéttinni. Það hefur hins vegar átt sér stað viss þróun í atvinnugreininni eins og í öðrum greinum. Þetta sést best á því að búin eru að stækka og framleiðendum að fækka. Hún segir fræðslu um kosti þess að búa á landsbyggðinni og gildi landbúnaðar fyrir þjóðfélagið afar mikilvæga til þess að vekja áhuga þeirra sem hefja vilja búskap. Einnig segir hún mikilvægt að hafa möguleika á að sannfæra áhugasama nýliða í bændastétt, um að traustur rekstrargrundvöllur felist í því að velja starfsgreinina. Allt eru þetta mikilvægar forsendur þess að ætliðaskipti og nýliðun eigi sér stað í landbúnaðinum. Því má þó ekki gleyma að fjárhagsleg afkoma þarf að vera ásættanleg og trygg að mati Laufeyjar.

Eins og fram hefur komið hafa Laufey og Ásvaldur staðið í byggingaframkvæmdum og verið að byggja nýtt fjós. Þegar rannsakandi hafði samband við Laufeyju í byrjun maí sagði hún fjósið búið öllum þægindum sem þrýtt geti nútímafjós. Fjósið var nýlega tekið í notkun og þrátt fyrir að vera uggandi yfir efnahagsumhverfi þjóðfélagsins taldi hún spennandi tíma framundan. Laufey sagði þau áætla að taka frá sérstakan sýningardag eða helgi á komandi sumri svo hægt verði að skoða fjósið. Einnig ræddi hún nálægð býlisins við sumarhótel í skólanum á Stórutjörnum og að þau hefðu uppi áform um að tengja nýja fjósið ferðaþjónustu. Það útskýrði hún þannig að til dæmis væri mögulegt að bjóða upp á gönguferðir frá hótelinu upp í Stórutjarnir, þar sem síðan væri hægt að fara í skoðunarferð um fjósið. Ennfremur að með því mætti efla tengsl milli bænda og þeirra sem engin kynni hefðu af landbúnaði. Í framtíðinni taldi hún að gera mætti enn meira úr þessu og bjóða upp á ýmiss konar heimagerða vöru bæði hannyrðir og matvæli.

Ingvar (2008, 3. apríl) segir svolítið erfitt að ráða í fjöldaþróun í bændastéttinni, þeim hafi fækkað nokkuð á síðustu árum. Kúabændum hafi til að mynda fækkað að jafnaði um einn á viku sem þýði um 50 bændur á ári og svipað hafi gerst á meðal sauðfjárbændum. Þá hafi mikil kreppa átt sér stað hjá svína- og alifuglabændum á vissu tímabili og nú sé slík framleiðsla á fárra höndum. Ingvar segir þróunina í mjólkur- og sauðfjárbúskap hafa verið mun jafnari, þó helmingur þeirra bændum hafi hætt búskap síðan 1990. Þessi þróun í mjólkurframleiðslunni stafi ekki af flóttu úr stéttinni heldur séu þær í takt við tækniframfarir í landbúnaði og vegna stýringar framleiðslunnar. Hann segir kvótakerfið krefjast mikils fjármagns og mikil fjárfesting felist í greiðslumarki kúabúa. Margir eldri bændur hafa því gripið tækifærið, selt kvótann sinn og orðið sér þannig úti um lífeyri. Þannig hafa bændur sem þurft hafa á meiri mjólkurkvóta að halda, eða viljað hefja mjólkurframleiðslu, fjárfest í þessum dýra kvóta og þar með tekið á sig miklar fjárfestingar þegar til framtíðar er litið. Ingvar segir mikinn áhuga hjá ungu fólki að hefja búskap en það sé sérstaklega erfitt fyrir það að fara út í mjólkurframleiðslu. Þróunin hafi því verið sú að bændur hafi ýmist setið áfram á jörðum sínum eða selt þær til auðmanna.

Steingrímur (2008, 4. apríl) segir að líklega sé einhver fækkun innan bændastéttarinnar, þó fremur einhvers konar tilfærsla eða þróun, sérstaklega í kúabúskap. Ekki er endilega um fækkun í sveitunum að ræða að hans mati. Þeir sem selji frá sér framleiðsluréttinn fari oft í aðra vinnu, sér í lagi þeir sem eiga tök á því innan þess svæðis sem þeir búa. Í sauðfjárbúskap eru helstu áhyggjurnar smá bú og lágar tekjur. Enda hefur þróunin verið sú að fjölskyldur í sauðfjarrækt byggja afkomu sína oftast nær af einhvers konar hliðarbúskap eða vinnu. Steingrímur segir að svo geti þessi þróun allt í einu snúist við þegar einhverjir nýir komi í sveitirnar og ákveði að setjast þar að. Þá er eins og fari af stað einhver bylgja sem hleypir krafti í þá sem fyrir eru og stappar í þá stálinu. Þetta segist Steingrímur hafa séð gerast í fámennum og afskekktum sveitarfélögum eins og á Barðaströnd og í Þistilfirði. Dæmi um slíkan nýsköpunarvilja og kraft gæti verið stórt fjárbú sem enn er á undirbúnings- eða athugunarstigi á Langaneströnd. Verði slíkt bú að veruleika er ekki ósennilegt að það sé ein leið til að leiðrétta atvinnu- og byggðaröskum að mati Steingríms, í það minnsta á þessum slóðum. Í framhaldi af þessu veltir Steingrímur fyrir sér þrengingum sjávarútvegsins, kvótaniðurskurði og öðru slíku. Í því sambandi segist hann jafnvel hafa hugleitt hvort það yrðu ekki sveitirnar og landbúnaðurinn sem í framtíðinni myndu styrkja og styðja við þorpinn á landsbyggðinni en ekki sjávarútvegurinn. Hann rökstyður þetta enn frekar með því að nefna mismunandi landfræðilegar aðstæður Raufarhafnar og Þórshafnar. Á meðan

byggð á Raufarhöfn hefur farið niður á við, hefur Þórshöfn staðið tiltölulega sterk af því Þórshöfn hefur bakland í sveitunum.

Í fyrirlestri við Háskólann á Akureyri fjallaði Skúli (2005, 20. apríl) um fjölbreytileika og kosti íslensks landbúnaðar. Ennfremur að gæði þess að búa í dreifbýli séu sífellt að koma betur í ljós. Hann taldi mikilvægt að efla bæði byggðarannsóknir og menntun því nýsköpun yrði aldrei raunveruleg án þess. Skúli ræddi um tæknivæðingu landbúnaðarins sem leiddi af sér stærri býli, breyttan efnahag og aukin verðmæti. Nýsköpun í landbúnaði virðist Skúla hugleikin því í viðtali við Skúla í byrjun apríl 2008 fjallaði hann einnig um þá þætti.

Í viðtalinu segir Skúli (2008, 1. apríl) að þegar nýsköpun gangi ekki upp sé það í flestum tilvikum vegna skorts á fjármagni. Menntun segir hann nauðsynlega forsendu nýsköpunar og hlutfall langskólagengins fólks sé allt of lágt á landsbyggðinni. Þetta telur hann hluta vandans, unga fólkið fari og komi ekki aftur, tækifærin séu ekki til staðar. Að hans mati þarf að gera menntastofnunum á landsbyggðinni kleyft að bjóða upp á ýmiss konar námskeiðahald, nýsköpunarumræðu og stórefla atvinnuþróunarfélög. Ennfremur að ferðaþjónusta sé risastór atvinnugrein sem landbúnaðurinn ætti að nýta vegna sögunnar, menningararfsins og tengingar við náttúruna. Til áhersluauka segir hann að þegar tekið sé á móti ferðamönnum á Hólum í Hjaltadal, sjái þeir kirkjuna og allan staðinn. Þeir eru leiddir um menningararfinn og í leiðinni byggjum við upp staðinn að hans sögn. Þetta styrkir samfélagið og þannig virkar landbúnaðurinn sem menningarlegt fyrirbæri segir Skúli.

Sigurgeir (2008, 8. apríl) vill ekki meina að það sé flótti úr bændastéttinni, aðeins eðlileg hreyfing. Hann segir það þó líklega eitt af stærstu vandamálunum hve endurnýjun innan hefðbundins landbúnaðar sé erfið. Margt ungt fólk hafi vilja til að eignast land og hefja búskap en það sé afar erfitt því landverð sé hátt. Hann segir landverðið hátt vegna þess að auðmenn hafi verið að kaupa jarðir og haldi þannig verðinu uppi. Um árabíl hefur það því verið nánast útilokað fyrir ungt fólk að keppa við þetta verð og hefja búskap segir Sigurgeir.

Steingrímur (2008, 4. apríl) segir mikla framtíð felast í upprunamerkttri framleiðslu í landbúnaði og tengingu hennar við ferðaþjónustu. Hann segir ferðamanninn ekki eingöngu koma til að skoða náttúruna heldur líka til að taka þátt og upplifa. Hann bendir á að hjá öðrum þjóðum sé þessu víða komið í framkvæmd með ágætum hætti og tekur Sviss sem dæmi. Svisslendingar standa harðir að baki sínum Alpabúskap. Steingrímur álítur slíkan búskap þó ekki sérlega hagkvæman, í þeim skilningi að fáeinar kýr með bjöllu á beit í fjallshlíð hafi mikla framleiðslugetu. Að hans mati er það þó ímynd svissnesks landbúnaðar, *það er Sviss*.

Þegar fjallað er um kvótakerfi í mjólkuriðnaði segir Steingrímur (2008, 4. apríl) ákveðinn þröskuld vera við kynslóðaskipti, vegna hárrar verðlagningar á kvóta, sér í lagi á

ákveðnu tímabili. Afleiðingin er svo mikil skuldsetning sem leitt hefur ýmsa út í hreinar ógöngur, eftir að hafa tekið lán og keypt sig inn í mjólkurframleiðsluréttinn til þess að stækka búin. Hann álitur það hafa verið mistök að leggja Stofnlánasjóð af sem var annars vegar lánasjóður landbúnaðarins og hins vegar stofnlánadeild. Þetta hafi verið sjóður sem studdi við bakið á endurnýjun og þeim sem hefja vildu búskap. Í raun hafi það verið þeir sem höfðu afskrifað fjárfestingar sínar, þessir gömlu og rótgrónu, sem komu að því að styrkja nýja bændur í gegn um stofnlánagjöldin. En þau voru notuð til að niðurgreiða vexti og það hjálpaði nýliðum við að byggja upp sín bú. Hann álitur gamla kerfið hafa verið ágætlega útfært og sérlega félagslegt. Íslenskur landbúnaður er ekki með sömu úrræði til endurnýjunar eða nýsköpunar og áður að hans mati. Steingrímur segir pólitískan ágreining vera um þetta og skoðanir skiptar. Það sé hans mat að ekki megi horfa fram hjá félagslega þættinum og láta hreinar markaðsforsendur ráða.

Steingrímur (2008, 4. apríl) segist sjá ýmis tækifæri innan landbúnaðarins í framtíðinni sem jafnvel geti þróast í ýmsar áttir. Hann nefnir skógrækt og nytjaskóga, því til staðar sé nægilegt landrými og mögulegt að hafa áhrif á staðbundið veðurfar með skógrækt. Einn möguleikinn er kornrækt, jafnvel í lífmassa til eldsneytis, allt fari þetta eftir því á hvað sé farsælast að veðja til framtíðar. Verður það skógrækt, kornrækt til manneldis eða til eldsneytisframleiðslu. Mun áfram lögð áhersla á frummatvælaframleiðslu, þessu er erfitt að svara segir Steingrímur.

Í fyrirlestri um loftslagsbreytingar við Akureyrarakademíuna sagði Bjarni E. Guðleifsson (2008b, 10. apríl) belgjurtir vera eina af forsendum lífrænnar ræktunar og tók sem dæmi að bæði lúpína og smárar væru belgjurtir. Til að skýra þetta enn frekar sagði hann belgjurtir vera með ákveðna gerla á rótunum svo þær geti unnið köfnunarefni úr loftinu. Bjarni E. Guðleifsson sagði mikið af köfnunarefni í andrúmsloftinu en plöntur gætu ekki nýtt sér það til næringar í gegn um þann hluta sem væri ofanjarðar. Einnig að köfnunarefni væri það næringarefni sem plöntur þyrftu helst og þess vegna hafi þurft að bera köfnunarefni á tún í formi tilbúins áburðar. Ekki er heimilt að nota þennan tilbúna áburð í lífrænni ræktun að sögn Bjarna E. Guðleifssonar.

Bjarni E. Guðleifsson (2008a, 18. mars) sagðist gjarnan vilja sjá meira af lífrænni ræktun innan íslensks landbúnaðar. Ennfremur telur hann líklegt að möguleikar hennar aukist í framtíðinni samhliða hlýnun og ræktun belgjurta sem ekki hafa lifað hér af sökum kulda. Hlýnandi loftslagi geti líka fylgt neikvæðir þættir svo sem ýmsar bakteríur, sjúkdómar og skordýr sem geti þýtt meiri notkun eiturefna. Þrátt fyrir þetta telur hann breytingarnar í heild verða nokkuð jákvæðar fyrir lífríki á norðurslóðum. Bjarni E. Guðleifsson sagði það



vandamál hafa fylgt lífrænni ræktun að afköstin hafi ekki verið nægilega mikil en að það gæti átt eftir að breytast í framtíðinni. Hann segir marga telja íslenskan landbúnað nánast lífrænan af því hann sé svo vistvænn. Það telur hann ekki rétt því hér á landi sé notaður tilbúinn áburður og kjarnfóður sem er ekki lífrænt, eins og fram hefur komið. Hins vegar séu gæði íslenskrar matvælaframleiðslu meiri en víða annars staðar, þar sem hér sé mun minni eiturefnanotkun. Þegar Bjarni E. Guðleifsson er spurður hvort íslenska lambakjötið geti ekki talist vistvæn matvæli segir hann að það sé alltaf spurning um það hvað sé vistvænt. Í því sambandi minnst hann á sauðfjárbreit og landeyðingu sem varla geti talist vistvænt fyrir náttúruna.

Leifur (2008, 8. apríl) segir kröfuna um lífrænt ræktaða vöru sífellt aukast. Til þessa hafi þó íslenskur markaður verið fremur lítill en hann muni örugglega stækka í framtíðinni. Sjálfur segist hann ekki kaupa erlent grænmeti nema vera viss um að það sé lífrænt ræktað. Þessu til viðbótar segir hann að á Íslandi sé ekki mikið notað af eiturefnum, öfugt við önnur lönd þar sem eiturefnanotkun er nokkuð mikil. Íslensk framleiðsla er því mjög vistvæn að hans mati.

Sigurgeir (2008, 8. apríl) telur ekki mikinn mun á framleiðslu lífrænna matvæla og annarrar matvælaframleiðslu á Íslandi. Hann tekur lambakjötið sem dæmi, því í sauðfjárrækt sé ekki mikið notað af lyfjum og munurinn sé því ekki mikill. Hann segist trúna því að íslensk matvæli séu almennt mjög vistvæn og hrein, þar sem ekki sé notað mikið af eiturefnum við framleiðsluna. Hann segir menn til að mynda ekki sammála um skaðsemi tilbúins áburðar og að búfjáraður sé ekki endilega neitt æskilegri. En er þó þeirrar skoðunar að ef neytendur vilji lífræna matvælaframleiðslu þá eigi bændur vissulega að stefna að því að framleiða slík matvæli. Málið er að framleiða það sem markaðurinn vill fá, um það snýst búskapur segir Sigurgeir. En hann er ekki sannfærður um gæði alls lífræns búskapar eftir að hafa kynnt sér slík bú í Bandaríkjunum. Hann segir íslenska neytendur áreiðanlega ekki vilja kaupa þá framleiðslu sem hann sá þar, því í fjósunum hafi verið veikir gripir sem ekki mátti gefa lyf. Mjólkursamlagið á staðnum taldi hann heldur ekki boðlegt íslenskum aðstæðum. Þetta sýndi að lífræn framleiðsla væri ekki vandræðalaus fremur en annað.

Skúli (2008, 1. apríl) telur nú þegar heilmikla nýsköpun til staðar í landbúnaði og nefnir fiskeldi, ferðapjónustu og hrossarækt sem dæmi. En lífrænn búskapur hefur hins vegar ekki fengið þá athygli sem skyldi og að þar hafi bæði bændaförystan og ríkisvaldið ekki staðið sig nægilega vel. Þetta segir hann sjást á þeirri ímynd sem lífrænn búskapur er að fá, það séu eintómir búskussar með horaða gripum sem stundi slíkan búskap. Hann segir það hafa gleymst að heilmargir vilji fá keypta lífræna framleiðslu. Að mati Skúla hefðu áður nefndir aðilar átt að

hlusta eftir eftirspurn neytenda vegna þess að lífrænn landbúnaður eigi örugglega eftir að skipta máli í framtíðinni.

Steingrímur (2008, 4. apríl) er þeirrar skoðunar að það sé áhyggjuefni hve lítið hafi verið hugað að lífrænni ræktun í landbúnaði, því vaxandi eftirspurn er eftir lífrænni hágæða matvöru. Hann segir staðreynd að landbúnaðurinn sé að dragast aftur úr hvað þetta varðar, innflutningur þessarar vöru sé alltaf að aukast. Með því erum við að skapa störf í öðrum löndum í stað þess að þau verði til hér. Hvað þetta varðar segir hann stjórnvöld hafa sofið á verðinum og því miður líka forysta bænda og í raun fræðasamfélagið með örfáum undantekningum. Steingrímur segir þá bændur sem reynt hafi fyrir sér í lífrænni framleiðslu, anni engan vegin eftirspurn og selji nánast allt sem þeir framleiði og gott betur. Einnig segir hann lífrænt ræktað lambakjöt ekki fá að fara sem sérstaka framleiðslu í gegnum sláturhúsin og fá þar með ekki þá vottun sem sé nauðsynleg. Þetta telur hann undirstrika þörfina fyrir öflugar rannsóknir, þannig að þessi tegund landbúnaðar nái að þróast á vísindalegum og faglegum forsendum.

#### **4.7. Þróun landnýtingar, hvað er farsælt til framtíðar**

Hér á eftir fylgja hugleiðingar viðmælenda eftir að hafa verið spurðir, hvort þeir teldu frístundabyggð og uppkaup jarða jákvæða eða neikvæða þróun fyrir íslenskan landbúnað og bændasamfélagið.

Bjarni Bragason (2008, 1. apríl) velti því fyrir sér hvað sé íslensk náttúra. Er hún ósnortið land sem enginn kemur nálægt og nýtist ekki á nokkurn hátt? Eða eru bændur að gera gagn með því að breyta náttúrunni og umhverfinu? Væri það eitthvað betra ef holtin væru ósnortin meðfram öllum vegum og aldrei hróflað við neinu? Eru sveitabýlin hluti af náttúrunni eða eru þau eitthvað sem hefur truflað náttúruna? Hann komst að lokum að þeirri niðurstöðu að býlin væru hluti af heildarmyndinni. Bjarni Bragason virtist þó þeirrar skoðunar að ekki sé sama hvernig bændur, fremur en aðrir, gangi um náttúruna. Að hans mati ætti að laga skógrækt að landslaginu en ekki planta trjám hér og þar, engin prýði sé að horfa á skipulagðar raðir af trjám. Hann álitur að betur þyrfti að huga að þessum málum og koma einhverri reglu þar á. Einnig að alltaf séu einhver átök á milli sauðfjárbænda og skógræktenda og stutt í árekstra. Það má ekki kollvarpa bændasamfélaginu með skógrækt frístundabænda sagði Bjarni Bragason.

Ingvar (2008, 3. apríl) segir fjölbreytni í nýtingu landsins jákvæða. Frístundabyggð getur verið góð leið fyrir fólk til að mynda tengsl við náttúruna og komast um leið frá firringu

Þéttbýlisins segir hann. Ennfremur að þetta sé mikilvægur þáttur í að vekja fólk til vitundar um gersemar íslenskrar náttúru og ábyrgðar á landinu sem það byggir. Frístundabyggð getur einnig verið bændum ágæt tekjulind og liður í að auka fjölbreytni atvinnu þeirra. Ingvar varar þó við því sem hann segir vera „ranghugsun“ í umgengni landsmanna um ættjörðina og segir frístundabyggð geta verið dæmi um það. Í því sambandi á hann við eignarétt yfir landi og hvernig farið sé með þann rétt. Hann er þeirrar skoðunar að landeigendum hafi ekki verið settar miklar skorður, hvaða land þeir láti undir frístundabyggð og skógrækt. Þetta geti haft slæmar afleiðingar í för með sér, sé hugað að því að hugsanlega þurfi að nýta allt ræktanlegt land til matvælaframleiðslu í framtíðinni. Þrátt fyrir þetta telur Ingvar bæði frístundabyggð og skógrækt alveg réttlætanlega þar sem ræktun verði á annað borð ekki fyrriséd.

Ingvar (2008, 3. apríl) segir uppkaup auðmanna á bújörðum ekki ásættanlega og telur slíkt geta tortímt landbúnaði. Hann gagnrýnir bændaforystuna fyrir að hafa ekki tekið nægilega hart á þessu máli og segir þá hafa látið undan þrýstingi þeirra sem séð hafi hag í að selja bújarðir fyrir himinháar fjárhæðir. Þetta gæti leitt til þess að bændastéttin verði að hluta til samsett af leiguliðum. Ingvar er á því að þróun sem þessi sé slæm fyrir félagsgerðina innan bændasamfélagsins og að íslenski bóndinn glati þar með sjálfstæðinu.

Bjarni E. Guðleifsson (2008a, 18. mars) segist ekki hrifinn af uppkaupum fjármagnseigenda á jörðum og telur það verða til þess að grisja búsetu í sveitum. Hann trúir því að í framtíðinni verði þær jarðir sem ekki séu nýttar til landbúnaðarframleiðslu nú, aftur teknar til landbúnaðarnota. Að hans mati ætti ekki að leggja gott ræktanlegt land undir frístundabyggð og heldur ekki undir skógrækt enda segir hann skóg ekki þrífast vel í gömlum túnum.

Laufey (2008, 6. apríl) telur það eingöngu jákvæða þróun að íbúar þéttbýlisins fjárfesti í jörðum og komi sér upp sumarhúsum til sveita. Þetta verði einungis til þess að auðga samfélög sveitanna. Hins vegar sé nauðsynlegt í þessu sambandi að fylgja gildandi aðalskipulagi á hverjum stað og gæta þess að taka ekki gott landbúnaðarland undir frístundabyggð.

Skúli (2008, 1. apríl) talar um að kornrækt í Skagafirði sé í mikilli uppsveiflu og það geti falist mikil framtíð í slíkri ræktun. Hann segir ákafa umræðu fara fram um almenna nýtingu á landi og að í rauninni sé að verða skortur á ræktunarlandi undir matvæli í heiminum. Í því sambandi nefnir hann hugmyndir um framleiðslu etanóls sem geti hreinlega verið hættulegt fyrir matvælaframleiðslu. Einnig þegar verið er að selja land undir sumarbústaði og skógrækt, það þurfi að íhuga vandlega hvers konar landsvæði fari undir slíkt.

Sigurgeir (2008, 8. apríl) segir frístundabyggð geta verið jákvæða þróun og ekkert nema gott um hana að segja. Hið eina sem þurfi að hafa í huga sé að setja hana ekki í gott ræktunarland og að það sé spurning hvort ekki ætti að stýra þessu eitthvað með tilliti til framtíðarinnar. Hann segir mjög víða rædda nauðsyn þess að nýta allt ræktanlegt land til matvælaframleiðslu. Ástæðurnar geti verið af ýmsum toga svo sem aukin eftirspurn vegna nýrra markaða, aukins mannfjölda eða vegna væntanlegra breytinga á veðurfari í heiminum. Ein ástæða fyrir hækkandi verði á matvælum á heimsvísu segir hann til að mynda vera skort á korni vegna áfalla í Austur-Evrópu. Þetta er m.a. vegna þess að nýir markaðir hafa opnast í Asíu fyrir korn frá Vesturlöndum, jafnvel fyrir meira korn en mögulegt hefur verið að rækta segir hann. Afleiðingin hefur verið sú að verð á korni hefur hækkað mjög mikið, bæði á kjarnfóðri og korni til brauðgerðar. Einnig telur hann aukna þörf fyrir matvæli í framtíðinni vegna mikilla þurrka á suðlægum slóðum. Þessar vangaveltur byggjast þó á því að loftslagsbreytingarnar leiði til mikillar hlýnunar. Allar stjórnvaldsaðgerðir skipta líka vissulega miklu máli að sögn Sigurgeirs. Hann sagðist hafa spurt þýskan verkfræðing, sem hann hitti í vetur, út í svonefnt bíógas (biofuel) sem er eldsneyti framleitt úr jurtaríkinu. Sá þýski vildi meina að bíógas væri einungis blaðra sem myndi springa vegna þess að í framtíðinni þyrftum við að nota allt ræktanlegt land til fæðuframléiðslu en ekki til þess að ferðast.

Leifur (2008, 8. apríl) segir mikla endurnýjun hafa átt sér stað í Eyjafirði undanfarið. Hann segir þó felast dálitla áhættu í að selja frá sér lóðir því oft sé ekki fyrirsjáanlegt hvaða not verði fyrir ræktanlegt land í framtíðinni, til að mynda vegna fæðuöryggis. Hann tekur þó fram að vissulega snúist þetta líka um sjálfstæði eigendanna til að selja jarðirnar sínar. Þetta snýst um það hvers konar starfsemi verði á tilteknu svæði. Hvort þar verði einhvers konar uppbyggileg starfsemi sem nýtist samfélaginu eða hvort jarðirnar standi auðar og upp á punt. Hann telur sérstaklega margar jarðir á Íslandi hafa verið seldar í námunda við laxveiðiár, jafnvel heilu og hálfu sveitirnar. Hann veltir því fyrir sér hvort þetta sé að verða svipað og á árum áður þegar kirkjan og höfðingjar áttu stærstan hluta allra jarða á Íslandi. Að hans mati þyrfti að vera einhver stýring á þessu, ef þess væri nokkur kostur. Leifur segir að sums staðar sé þessu eitthvað stýrt og nefnir í því sambandi Danmörku og Noreg. Þrátt fyrir þetta segir hann gott að fá fólk úr þéttbýli í sveitirnar, oft verði það til þess að styrkja enn frekar ímynd sveitanna og fólk sjái að það sé í finu lagi að búa í sveit. Nýlega hafði Leifur hitt ungt fólk sem keypti sér hús í nágrenni við hann. Húsinu fylgdi dálítill landskiki, nógu stór til þess að þau gætu haft fáeinar kindur. Hann sagði unga fólkið koma frá Reykjavík og engin kynni áður haft af sveitastörfum, þannig að landbúnaðurinn heillar.

Steingrímur (2008, 4. apríl) segir frístundabyggð jákvæða, í þeim skilningi að fá fólk úr þéttbýli út í sveitirnar til þess að njóta lands og náttúru. Nægt landrými sé fyrir hendi bæði fyrir frístundabyggð og landbúnað. Hann segir þó þurfa að standa þannig að verki að vel fari, hvað varðar skipulags- og umhverfissjónarmið. Því ætti skynsamleg reglugerð, um þessi mál, ekki þurfa að valda neinum árekstrum. Hann segir einnig jákvætt að bændurnir sjálfir geti haft aukatekjur af þessu, fremur en einhverjir ríkisbubbar kaupir bújarðir með það að markmiði að reisa frístundabyggð til að græða. Steingrímur álitur frístundabyggð vera að þróast í þá átt að fólk sé þar meira og minna allt árið. Það segir hann jákvætt fyrir samfélög sveitanna og leiði til þess að íbúar byggðanna taki meiri þátt í sveitameningunni.

Aftur á móti telur Steingrímur (2008, 4. apríl) uppkaup auðmanna á jörðum mikla ógn við þessa tegund byggðar og landbúnaðinn. Hann segir fulla ástæðu til að huga að því hvernig tryggja eigi aðgang landbúnaðarins að landinu, þannig að hann dagi ekki uppi og verði ósamkeppnisfær um jarðnæði vegna síhækkandi verðlags á jörðum. Steingrímur segir íslenska löggjöf allt of veika að þessu leyti og að íslenskur landbúnaður sé verr varinn en landbúnaður í nágrannalöndunum. Þessu til frekari stuðnings bendir hann á lagasetningu sem eigi að tryggja stöðu landbúnaðar í Danmörku þegar kemur að sölu landbúnaðarjarða. Þar er þetta á þá leið að kaupir einhver aðili jörð þá sé honum skylt að búa á jörðinni fyrstu fimm árin, með alvöru búskap og ef það standist ekki þá gangi kaupin til baka. Hann ræðir einnig frægt Evrópuákvæði Dana, sumarbústaðaákvæðið sem tryggi að útlendingar komi ekki og kaupir jörð undir sumarbústaði. Steingrímur segir það hafa einu sinni verið þannig, hér á landi, að sveitarfélögin hafi haft forkaupsrétt á jörð og því getað gengið inn í kaupin, jafnvel til að tryggja hag landbúnaðarins. Þegar Steingrímur er spurður hvort bændur hljóti ekki að eiga rétt á að selja eignir sínar, vilji þeir reyna fyrir sér annars staðar, segir hann vissulega svo vera. Að hans mati þurfa stjórnvöld þrátt fyrir þetta að vera meðvituð um hver framvinda mála sé. Ennfremur geti þau þurft að móta skynsamlega stefnu í framhaldinu. Í sumum tilfellum sé hægt að stýra þessum málum til hagsbóta fyrir landbúnaðinn og matvælaframleiðslu.

## 5. Umræða og lokaorð

Íslensk náttúra er stórbrotin og svipmikil, hið sama má segja um íslenskan landbúnað, enda tengjast þessir tveir þættir órofa böndum. Það má sjá á sögu og menningu íslenskrar þjóðar. Þess vegna virðist það verðugt viðfangsefni að standa vörð um þetta tvennt sem mikilvægan hluta af þjóðlífinu. Af þeim sökum hefur rannsakanda verið það bæði ljúft og skylt að vinna þetta verkefni. Segja má að þetta sé aðeins ein leið af mörgum til að fá innsýn og skilning á umhverfi og aðstæðum landbúnaðarins. Þó rannsakandi búi við það lán að tengjast landbúnaðarsamfélagi eins og það er í dag þá er hann ekki búsettur þar og þar með ekki virkur þátttakandi í slíku samfélagi. Þekkingin miðaðist þar með að mestu við áður nefnd tengsl og að hafa alist upp í slíku samfélagi. Með það að markmiði að fá einhverja yfirsýn yfir þá þætti sem einkennt hafa landbúnaðinn og stöðuna í dag var rýnt í fáeinar fræðilegar heimildir. Niðurstaða þeirrar vinnu var sett fram í kafla tvö þar sem fjallað var um umfang og afköst.

Þar kemur fram að hlutfall þeirra sem unnu við landbúnaðarstörf í upphafi 21. aldar var mjög lágt aðeins um 3%. Samkvæmt niðurstöðum viðtalsrannsóknarinnar, og ef spár um jákvæðar loftslagsbreytingar rætast, eru allar líkur á að þetta hlutfall muni aukast. Í sama kafla var einnig fjallað um veðurfarspá framtíðarinnar og þar gert ráð fyrir nokkurri hlýnun. Ekki síst að vetri sem skiptir meira máli fyrir gróðurfar á Íslandi en rannsakandi hafði áður gert sér grein fyrir. Samkvæmt þessu og því sem sagt var um kal í túnum ættu kalskemmdir að heyra sögunni til, í það minnsta í þeirri mynd sem þær eru nú. Trúlega er það aðeins einn af þeim þáttum sem breytt hitafar hefur í för með sér. Það ætti þó að verða til þess að bæta þann aðstöðumun sem bændur hafa búið við hér á landi hvað þetta varðar, því kalskemmdir eru kostnaðarsamar. Annar þáttur sem fylgir breyttu veðurfari eru auknir möguleikar á kornrækt eins og Ingvar Björnsson (- m, 2008, 29. apríl) bendir á í grein í Bændablaðinu nýverið. Hann segir ýmis tækifæri í sjónmáli fyrir bændur hvað varðar kornrækt og tengir það fæðuöryggi, nægu landrými og öflugum rannsóknar- og styrkjakerfi. Í sama kafla er fjallað um bústofn, þar á meðal þá breytingu sem orðið hefur á nýtingu sauðfjárafurða. Eitt af því sem þar kemur fram er að í dag eru einungis kjötafurðir sauðfjárins nýttar en hvorki ull né gærur.

Þegar rætt var við viðmælendur um aðstæður landbúnaðarins í dag töldu margir að þær séu dálítið erfiðar, í það minnsta sé svolítið á brattann að sækja. Efnahagsumhverfið er það sem þau hafa mestar áhyggjur af og nefndu þætti eins og ótryggt verðlag. Einnig hafa þau áhyggjur af innflutningi á landbúnaðarvörum. Þrátt fyrir þetta virðast þau öll bjartsýn fyrir hönd íslensks landbúnaðar og líta björtum augum fram á veginn. Af mörgum mátti skilja að bændur yrðu ekki í vandræðum með að takast á við framangreindar aðstæður. Í því sambandi

var nefnt að íslenskir neytendur horfðu á fleira en verð á matvælum þegar þeir veldu sér matvæli. Mikilvægi landbúnaðarins var ofarlega í hugum flestra og kom þar margt til. Þar nefndu viðmælendur það sjálfstæði sem fylgir því að vera bóndi og vinna með sitt eigið. Einnig hve góð tilfinning það sé að taka þátt í að framleiða matvæli, einni af grunnþörfum mannsins. Matvælaframleiðsla leiddi til umræðu um fæðuöryggi og mátti greina mikilvægi slíkrar umræðu fyrir landbúnaðinn hjá viðmælendum. Einn nefndi sérstaklega mikla aðlögunarhæfni landbúnaðarins sem eitt af verðmætunum. Segja má að það komi heim og saman við það sem fram kemur hér á undan, að bændur væru vel í stakk búnir til að takast á við óstöðugleika í þjóðfélaginu. Tengslin við náttúruna var eitt af því sem nefnt var mikilvægt einnig þáttur bænda í að vernda og viðhalda þeim verðmætum sem felast í náttúrunni. Saga og menning þjóðarinnar komu einnig við sögu við umfjöllun um mikilvægi.

Þeir sem á annað borð tjáðu sig um sjálfsmynd bænda í dag töldu hana allt frá því að vera breytilega til þess að vera mjög sterka. Enginn taldi sjálfsmyndina slæma í dag en nokkrir nefndu að hún hefði verið slæm á tímabili og tveir nefndu tímabilið frá 1980-2000 sérstaklega. Líklega er textinn *Bindivélablús* sem einn viðmælandi tiltók að ortur hefði verið á þessu tímabili lýsandi fyrir ástand, sjálfsmynd og ímynd þessa tímabils. Spurningin um sjálfsmynd er jafnframt sú sem virtist koma viðmælendum mest á óvart og voru jafnvel undrandi á að sjálfsmynd bænda væri yfirleitt til umræðu innan þjóðfélagsins. Þrátt fyrir það kom ýmislegt út úr þeirri spurningu um ímynd og stöðu bænda innan þjóðfélagsins. Einn nefndi að ómálefnaleg umræða um framleiðslu landbúnaðarins væri truflandi fyrir bændur. Þá kom fram að umræða í fjölmiðlum um málefni landbúnaðarins skipti miklu máli fyrir ímynd og sjálfsmynd bænda.

Framtíðarhorfur í landbúnaði virðast góðar ef tekið er mið af niðurstöðum rannsóknarinnar. Rædd var búsetuþróun og að í framtíðinni sæki líklega margir í að búa í sveit, jafnvel með einhvern smábúskap til að viðhalda geðheilsunni. Þekking og menntun virtist ofarlega í huga viðmælenda og að nauðsynlegt væri að efla aðgengi þéttbýlisbúa að landbúnaði. Margir voru þó uggandi vegna fyrirhugaðra breytinga á matvælalöggjöfnni og ef leyfður verður innflutningur á hráu kjöti. Að mati Sigmundar Ófeigssonar (MPP, 2008) verða afleiðingar innflutnings á kjötafurðum keðjuverkandi þannig að vel búnar kjötvinnslur leggi upp laupana, fjöldi fólks missi atvinnu og bændur markað fyrir kjötafurðir. Segja má að bæði tækifæri og vandamál geti fylgt loftslagsbreytingum eins og viðmælendur benda á. Að öllum líkindum aukast ræktunarmöguleikarnir en hlýnandi veðurfari fylgir þó aukin eiturefnanotkun að mati viðmælenda.

Niðurstöður viðtalanna sýndu að almennt væri landbúnaður áhugaverð atvinnugrein. Þrátt fyrir það væri ekki endilega auðvelt að gerast bóndi. Erfiðast er þetta fyrir þá sem vilja reyna fyrir sér innan mjólkurframleiðslu. Núverandi kvótakerfi í mjólkuriðnaði var eitt af því sem nefnt var sem fyrirstaða. Viðmælendur virtust almennt ekki hafa áhyggjur af að bændur væru að flýja landbúnaðinn. Þrátt fyrir það töldu þeir nauðsynlegt að styðja landbúnaðinn og styrkja til þess að eðlileg nýliðun gæti átt sér stað innan hans. Nýsköpun var talin eitt af því sem skipti máli til að styrkja sveitirnar og landsbyggðina. Margir ræddu um ýmiss konar ferðapjónustu í því sambandi en einnig nýjar leiðir í búskapnum sjálfum. Ein af forsendum nýsköpunar var talin aukin þekking og menntun. Dæmi um nýsköpun gæti verið það sem Ingvar Björnsson (- m, 2008, 29. apríl) segir í Bændablaðinu um að koma upp kornsamlögum á Íslandi, því til þess að unnt sé að anna væntanlegri eftirspurn og auka kornsölu þurfi afkastamikil þurrkun á korni að vera til staðar. Annað dæmi um nýsköpun er vefverslun [www.kindur.is](http://www.kindur.is) Hlédísar Sveinsdóttur (ehg, 2008, 1. apríl) en þar gefst fólki kostur á að kaupa sér eða fóstura kind, gegn ákveðnu gjaldi. Segja má að með þessu sameini hún tvennt að skapa foreldum sínum vinnu, en þau eru sauðfjárændur, og efla tengsl almennings við landbúnaðinn. Lífræn ræktun var einn af þeim möguleikum sem margir sáu fyrir sér í framtíðinni og að ekki hefði verið staðið nægilega vel að þeim málefnum til þessa. Það voru þó ekki allir á einu máli um ágæti slíkrar framleiðslu og bentu á að íslenskar landbúnaðarvörur væru svo vistvænar. Viðmælendur töldu þó ekki fara á milli mála að eftirspurn eftir lífrænni framleiðslu væri að aukast.

Viðmælendur höfðu almennt jákvæða afstöðu til frístundabyggðar og töldu slíkt verða til að efla byggðir landsins og tengsl milli dreifbýlis og þéttbýlis. Þess þyrfti þó að gæta að ræktanlegt land færi ekki undir frístundabyggð og heldur ekki undir skógrækt. Einnig væri nauðsynlegt að fylgja gildandi aðalskipulagi um slíka byggð. Viðmælendur bentu á að allt ræktanlegt landi ætti að vernda því það væri mikilvægt fyrir fæðuöryggi og aukna ræktunarmöguleika í framtíðinni. Niðurstaðan var sú að ekki væru til nægilega markvissar reglur eða lög um nýtingu ræktanlegs lands á Íslandi og bentu á fyrirkomulag í nágrennalöndunum. Sala á jörðum til auðmanna töldu viðmælendur ekki æskilega þróun þrátt fyrir að styðja rétt einstaklingsins til þess að ráðstafa eignum sínum. Fram kom að sala á jörðum til auðmanna hefur leitt til þess að verð á landi er mjög hátt. Það gerir þeim sem hefja vilja búskap erfitt fyrir og er að því leyti erfið þróun fyrir bændasamfélagið og nýliðun innan þess.



## Heimildaskrá

- Alþingi (e.d.a). Sótt 30. apríl 2008 frá <http://www.althingi.is/dba-bin/unds.pl?txi=/wwwtext/html/lagasofn/135a/2004081.html&leito=jar%F0al%F6g#word1>
- Alþingi (e.d.b). Sótt 1. maí 2008 frá <http://www.althingi.is/cv.php4?nfaerslunr=557>
- Benjamín Kristjánsson (1970). *Eyfirðingabók II – Sögur frá umliðnum öldum*. Akureyri: Bókaforlag Odds Björnssonar.
- Bjarni Bragason (2008, 1. apríl). Bóndi og safnvörður (15. maí, 1963). *Íslenskur landbúnaður*. Halldórsstaðir í Skagafirði.
- Bjarni E. Guðleifsson (2005a). Áhrif væntanlegra loftslagsbreytinga á landbúnað (fyrri hluti). *Freyr, árgangur* 101(1. tbl.), bls. 34-35.
- Bjarni E. Guðleifsson (2005b). Áhrif væntanlegra loftslagsbreytinga á landbúnað (seinni hluti). *Freyr, árgangur* 101 (tbl. 3), bls. 48-50
- Bjarni E. Guðleifsson (2008a, 18. mars). Prófessor við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri (21. júní, 1942). *Íslenskur landbúnaður*. Óseyri 2 á Akureyri, Búgarður.
- Bjarni E. Guðleifsson (2008b, 10. apríl). *Áhrif loftslagsbreytinga á landbúnað á Íslandi*. Fyrirlestur í Akureyrarakademíunni á Akureyri.
- Bjarni E. Guðleifsson og Björn L. Örvar (2000). Kalskemmdir í tünnum á síðustu öld – og framtíðarhorfur. Í Guðmundur Sigurðsson, Gunnar Guðmundsson, Jóhannes Sveinbjörnsson, Ríkhart Brynjólfsson og Tryggvi Gunnarsson (ritstj.), *Ráðunautafundur 2000* (bls. 323-329). Reykjavík: Bændasamtök Íslands, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
- Eggert Ólafsson (1978). *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar* (2. bindi), (Steindór Steindórsson frá Hlöðum, íslenskaði árið 1942). Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.
- ehg (2008, 1. apríl). Fóstrar kind eða kaupir þína eigin – ný heimasíða býður upp á skemmtilega möguleika *Bændablaðið*, bls.15 [Vefútgáfa] sótt 30. apríl 2008 frá <http://www.bondi.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=518>
- Guðmundur Hálfðanarson (1993). Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld. Í Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson (ritstj.), *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990 - Ritgerðir* (bls. 9-58). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands/Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

- Haraldur Ólafsson, Áslaug Helgadóttir, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Jónatan Hermannsson og Ólafur Rögnvaldsson (2007, útgáfudagur ekki tilgreindur). Líkleg þróun veðurfars á Íslandi með tilliti til ræktunar, bls. 29-36. Sótt 29. mars 2008 frá [http://landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/8bbba2777ac88c4000256a89000a2ddb/f32a77fd630acf25002572a30051aa84/\\$FILE/01%20Likleg%20throun%20vedurfars%20a%20Islandi%20med%20tilliti%20til%20raektunar.pdf](http://landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/8bbba2777ac88c4000256a89000a2ddb/f32a77fd630acf25002572a30051aa84/$FILE/01%20Likleg%20throun%20vedurfars%20a%20Islandi%20med%20tilliti%20til%20raektunar.pdf)
- Hjörleifur Hjartarson (2008, 22. apríl). Kennari. (5. apríl, 1960). *Íslenskur landbúnaður*. (Tölvupóstur).
- Hólaskóli, Háskólinn á Hólum (e.d.). Sótt 28. apríl 2008 frá <http://www.holar.is/starfs/skuli/>
- Ingvar Björnsson (2008, 3. apríl). Héraðsráðunautur hjá Búgarði á Akureyri (25. apríl, 1973). *Íslenskur landbúnaður*. Óseyri 2 á Akureyri, Búgarður. (Viðtal á staðnum og síðar með tölvupósti).
- Jónas Hallgrímsson (e.d.). Sótt 7. maí 2008 frá [http://www.jonashallgrimsson.is/page/ljod\\_althingi\\_hid\\_nyja](http://www.jonashallgrimsson.is/page/ljod_althingi_hid_nyja)
- Landbúnaðarháskóli Íslands (e.d.). Sótt 9. apríl 2008 frá <http://www.hvanneyri.is/landbunadur/wglbhi.nsf/02efabeb6745b3b500256afb003eb223/f52dc4794f4810d800256f760058d0ee?OpenDocument>
- Laufey Skúladóttir (2008, 6. apríl). Bóndi (19. maí, 1958). *Íslenskur landbúnaður*. Viðtal tekið í gegn um síma og með tölvupósti.
- Leifur Guðmundsson (2008, 8. apríl). Bóndi (12. nóvember, 1952). *Íslenskur landbúnaður*. Klauf í Eyjafjarðarsveit.
- Magnús S. Magnússon (1993). Efnahagsþróun á Íslandi 1880-1990. Í Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson (ritstj.), *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990 – Ritgerðir* (bls. 112-214). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands/Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- m (2008, 29. apríl). Miklir möguleikar í íslenskri kornrækt. *Bændablaðið*, bls. 10
- MÞP (2008, 15. apríl). Váleg tíðindi sem geta haft skelfilegar afleiðingar fyrir dreifðari byggðir landsins *Bændablaðið*, bls.4 [Vefútgáfa] sótt 30. apríl 2008 frá <http://www.bondi.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=542>
- Sigmundur Ófeigsson (2008, 7. apríl). Framkvæmdastjóri Norðlenska ehf. *Staða landbúnaðar og kjötvinnslu í ljósi fyrirhugaðrar matvælalöggjafar og innflutnings á hráu kjöti*. Kvöldfréttir á RÚV Sjónvarp, Karl Eskill Pálsson fréttamaður tók viðtalið.
- Sigurður Jóhannesson og Sveinn Agnarsson (2004). *Bóndi er bústólpi, bú er landstólpi* (Ársskýrsla 2004). Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Sigurgeir Bjarni Hreinsson (2008, 8. apríl). Bóndi og formaður Búnaðarsambands Eyjafjarðar (31. maí, 1959). *Íslenskur landbúnaður*. Akureyri.

Skúli Skúlason (2005, 20. apríl). *Landbúnaður sem samfélagslegt afl*. Fyrirlestur á Félagsvísindatorgi við Háskólann á Akureyri.

Skúli Skúlason (2008, 1. apríl). Rektor Háskólans á Hólum (11. nóvember, 1958). *Íslenskur landbúnaður*. Hólar í Hjaltadal.

Steingrímur Sigfússon (2008, 4. apríl). Alþingismaður (4. ágúst, 1955). *Íslenskur landbúnaður*. Akureyri.

Virðist vaka fyrir ráðamönnum að koma málinu hratt í gegn (2008, 29. apríl). Virðist vaka fyrir ráðamönnum að koma málinu hratt í gegn. *Bændablaðið*, bls. 6.